



FRÉTTABLAÐIÐ

FRÍTT

18. júlí 2005 - 192. tölublað - 5. árgangur

MEST LESNA DAGBLAÐ Á ÍSLANDI

Sími: 550 5000

MÁNUDAGUR

Bindisleysið kostaði hann leigubíl

Örnólfur Thorlacius, fyrrum rektor og kennari, var eitt sinn á leið fótgangandi í skólann til að halda munnlegt stúdentspróf. Uppgötvaði hann þá að hann var bindislaus og þurfti að snúa við til að sækja bindi. Sökum tímaþröngar þurfti hann að taka leigubíl í skólann.



TILVERAN 10

Loksins sigur hjá KR

KR-ingar völtuðu yfir slaka Framara í Landsbankadeildinni í gærkvöldi og sigruðu 4-0. Við tapið færðust Framarar í botnsæti deildarinnar þar sem Þróttarar unnu frábæran útisigur á Fylki og lyftu sér upp í 7. sæti deildarinnar.



ÍÞRÓTTIR 20


Blái hnötturinn á reiki

Leikgerð byggð á barnabók Andra Snæs Magnasonar hefur vakið eftirtekt bresks leikhússfólks og lítið leikhús í London hefur lýst áhuga á því að setja verkið á fjálfirnar. Höfundurinn er að vonum ánægður með athyglina og útilokar ekki að stærri leikhús taki við sér í kjölfarið og falist eftir Bláa hnettinum.



FÓLK 30

VEÐRIÐ Í DAG



LÉTTIR TIL syðra í dag. Fremur stíf norð-austanátt og víða nokkur vindur. Rigning með köflum norðan- og austanlands í dag en annars þurr og bjart syðra.



FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

RAPPAD AF LÍFI OG SÁL Bandaríski rapparinn Snoop Dogg hélt tónleika fyrir trúðfullri Egilshöll í gærkvöld. Kappinn var nokkru seinni á svið en aðdáendur hans bjuggust við en þegar hann loks hóf upp raust sína varð enginn fyrir vonbrigðum. Ekki hafa allir lýst yfir jafn mikilli ánægju með komu rapparans hingað til lands en af viðbrögðum tónleikagesta í gær að dæma var ekki að sjá að textar hans færu fyrir þróstið á neinum.

Blóði drifin helgi að baki

Nýliðin helgi var sú blóðugasta í Írak frá því að ráðist var inn í landið vorið 2003. Í það minnsta 170 manns hafa beðið bana í árásum undanfarna viku.

ÍRAK Upplausnarástand virðist ríkja í Írak og ekki verður séð að hernámsliðið hafi nokkra stjórn á landinu. Í það minnsta 170 manns hafa týnt lífi í sjálfsmorðssprengjuárásum undanfarna viku. Á meðan búa landsmenn sig undir að draga Saddam Hussein fyrir dóm en það vekur jafnframt ótta um að enn frekari átök blossi upp.

Í gær bönudu sjálfsmorðsprengjumenn 22 í fjölmörgum árásum í höfuðborginni Bagdad og nágrenni hennar. Ein sprengjan sprakk á skrifstofum þar sem kosningar haustsins eru undirbúnar og þar fórust sex manns. Al-Kaída í Írak birti strax yfirlýsingu þar sem samtökin lýstu ábyrgð á hendur sér þar sem kosningarnar „væru ekki í samræmi við vilja Guðs.“ Í annarri árás hentu uppreisnarmenn tveimur líkum á götu og skutu síðan lögreglumenn sem huguðu að líkunum.

Mannskæðasta árás helgarinnar var hins vegar gerð við sjámosku í bænum Musayyib, skammt suður af Bagdad. Þar kveikti sjálfsmorðsprengjuaður á vítisvél sinni nærri olíubíl sem sprakk í loft upp með þeim afleiðingum að í það minnsta níutíu manns dóu og 150 slösuðust. Al-Kaída hefur einnig sagst bera ábyrgð á þeirri árás.

Aðeins ein hryðjuverkaárás hefur kostað fleiri mannlíf síðan Saddam Hussein var hrakinn frá völdum vorið 2003, hún var framin í bænum Hillah í febrúarlok en þá biðu 125 manns bana.

Yfir 170 manns hafa fallið fyrir hendi hryðjuverkamanna í Írak undanfarna viku og er skemmst að minnast ódæðisins á miðvikudag þegar 26 börn



SAKLAUST FORNARLAMB Mariam Gassam, þriggja mánaða, var á meðal þeirra sem slösuðust í hryðjuverkaárásum í Írak í gær.

voru myrt með sprengju. Svo virðist sem uppreisnarmenn séu að breyta um aðferðir því flestar gagnadgerðir lögreglu eru miðaðar við bílsprengjuárásir en ekki fótgangandi sprengjumenn.

Dómari við dómstólinn sem fjallar um afbrot Saddams Hussein greindi frá því í gær að einræðisherrann fyrrverandi verði ákærður fyrir fjöldamorð á 150 sjúum árið 1982. Þetta verða fyrstu formlegu ákærurnar sem Saddam eru birtar og verði hann fundinn sekur gæti hann verið dæmdur til dauða. Fleiri ákærður eru sagðar í undirbúningi. Óttast er að réttarhöldin muni reita stuðningsmenn Saddams enn frekar til reiði með þeim afleiðingum að hryðjuverk færðust enn í aukana.

sjá síðu 8 / -shg

Handvömm við vegaframkvæmdir á hringvegnum:

Bíllinn sökk ofan í tjörupytt

SAMGÖNGUR „Þetta skapaði stórhættu fyrir okkur alla leiðina norður og við misstum bíllinn næstum út af tvisvar sinnum vegna þessa,“ segir Gréta Jónsdóttir, en þau eiginmaður hennar lentu í tjörupytti þegar þau óku húsbíl sínum um þjóðveginn í Borgarfirði í fyrrakvöld.

Voru þau hjónin á ferð norður á land en skammt frá Borgarnesi gaf nýlagt malbik eftir með þeim afleiðingum að húsbíllinn sökk ofan í tjöru á stuttum kafla.

Höfðu þau samband við lögreglu sem brást skjótt við og tók að vakta umræddan kafla vegarins vegna hættu. Þarna fara jafnan margir um, oft á talsverðum hraða.



SUBBULEGT Þeir bílar sem um Borgarfjörð fóru í fyrrakvöld lentu í tjörupytti en fyrir utan hættuna af slíku er afar erfitt að ná tjöru af bílum.

Vegagerðin hafði snör handtök þegar af fréttist og sendi mannskap á vettvang til viðgerðar en allmargir ökumenn lentu með bíla sína í tjörunni. Gréta segir að nánast vonlaust hafi verið að þvo tjöruna af og erfitt hafi verið að aka bílnum en það hafi tekist með því að aka afar varlega alla leiðina norður á Skagaströnd.

Lögreglan í Borgarnesi sagði að svo virtist sem handvömm verktaka hafi valdið þessu en gleymst hafi að ganga frá veginum sem skyldi þegar verktakinn var við vinnu sína í gær. Vegagerðin gerði hins vegar við veginn á skömmum tíma og engin hætta er nú fyrir hendi.

-aöe

LANDIÐ ALLT

Lestur á mánudögum 20–40 ára*

72%



36%



24%



*Samkvæmt fjölmiðlakönnun Gallup í júní 2005. Lestur á mánudögum.

Laugardagur
Kollafjörður / Færeyjar

591 3000



SPURNING DAGSINS

Stefanía, óttastu ekki að ykkur verði kalt?

Nei, ég geri nú ekki ráð fyrir því. Hitaveitan verður ekki flutt þótt hún kunni að verða seld.

Bæjarstjórn Ólafsfjarðar veitir sér að selja hitaveitu bæjarins vegna skulda. Stefania Traustadóttir er bæjarstjóri á Ólafsfirði.

Alvarleg líkamsárás á Ísafirði um helgina:

Meðvitundarlaus eftir fólkskulega árás

LÖGREGLUMÁL Tveir menn á þrítugsaldri gengu í skrokk á manni fyrir utan skemmtistaðinn Krúsina í miðbæ Ísafjarðar um þrjúleytið aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var fluttur meðvitundarlaus á slýsadeild sjúkrahússins á Ísafirði eftir árásina.

Hinir meintu árársarmenn voru fluttir á lögreglustöðina á Ísafirði. Þeir virtust ósárir eftir átökin. Mennirnir voru yfirheyrðir fram eftir degi en var sleppt úr haldi síðdegis í gær en liggja áfram undir grun í málinu.

Lögreglan á Ísafirði rannsakar nú tildrög árársarinnar og vildi ekki gefa frekari upplýsingar um

ástæður hennar síðdegis í gær. Á næstu dögum fara fram frekari yfirheyrslur vegna málsins.

Fram eftir sunnudeginum var fylgst náið með líðan fornarlambsins, sem er á þrítugsaldri, og fékk það að fara heim eftir hádegi í gær. Honum heilsast vel eftir atvikum að sögn lögreglu.

- ifv

KRÚSIN Á ÍSAFIRÐI Tveir menn á þrítugsaldri gengu í skrokk á manni fyrir utan skemmtistaðinn Krúsina á Ísafirði aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var fluttur meðvitundarlaus á sjúkrahúsið á Ísafirði í kjölfarið.



Alvarlegt slys:

Kastaðist tólf metra út úr bíl

SLYS Tvítugur maður slasaðist alvarlega í bílveltu við Gljúfurfoss, um 10 km frá Seyðisfirði, aðfaranótt sunnudags.

Maðurinn var einn á ferð er hann missti stjórn á bifreið sinni svo að hann lenti utan vegar. Í veltunni kastaðist hann tólf metra út úr bifreiðinni.

Farið var með manninn á sjúkrahúsið á Egilsstöðum og í kjölfarið var hann svo fluttur með sjúkraflugi til Reykjavíkur.

Í gærkvöld lá hann þungt haldinn í öndunarvél á gjörgæsludeild Landspítala-háskóla-sjúkrahúss.

- ifv

Flugslys í Afríku:

Tugir létust

MIDBAUGS-GÍNEA, AP Rússnesk flugvél hrapaði í frumskógum Miðbaugs-Gíneu í gær og létust allir sem voru um borð. Að minnsta kosti 50 farþegar voru í vélinni, auk áhafnar.

Vélin hrapaði um 30 kílómetra suður af höfuðborginni Malabo skömmu eftir flugtak í gær.

Lík fórnarlamba slyssins dreifðust um frumskógin og óttast björgunarmenn að ekki muni takast að finna þau öll. Sökum ófullkominna flugskýrslna er ekki vitað upp á hár hversu margir voru í vélinni sem sennilega hefði aldrei verið hleypt á loft á Vesturlöndum, enda gamalt hrak frá kaldastríðsárunum. ■

LÖGREGLUFRETTIR

AMFETAMÍN Á AKRANESI Lögreglan á Akranesi hafði afskipti af öku-manni á föstudagskvöldið sem grunaður var um að hafa fíkniefni í förum sínum. Við leit á manninum fundust tvö grömm af amfetamíni. Aðfaranótt laugardags handtók lög-reglan svo þrjú ungmenni vegna gruns um fíkniefnamisferli og við húsleit fundust 5,5 grömm af amfetamíni. Báðir játuðu að hafa átt fíkniefnin og var þeim sleppt eftir yfirheyrslu. Málin teljast upplýst.

64 KM YFIR HÁMARKSHRAÐA

Á laugardagskvöldið stöðvaði lög-reglan á Akranesi ungan öku-mann innanbæjar á 114 km/klst hraða þar sem hámarkshraði er 50 km/klst. Hann má því búast við 50.000 kr sekt, sviptingu öku-réttinda í mánuð og fjórum punktum í ökuferilsskrá.

KVIKNADI Í SUMARBÚSTAÐ Laust eftir klukkan átta í gærkvöld var tilkynnt um eld í sumarbústað í Miðfellslandi við Þingvallavatn. Rétt fyrir klukkan nú var búið að ráða niðurlögum eldsins. Enginn var í bústaðnum þegar eldurinn kviknaði. Sumarbústaðurinn er hins vegar talinn ónýtur. Eldsupptök eru ókunn.

Yfirlýsingin sögð heimskuleg

Oddvitar samstarfsflokka Samfylkingarinnar í Reykjavíkurlistanum segjast vilja að nefndin sem nú ræðir áframhaldandi samstarf flokkanna fái vinnufrið til að ljúka því starfi. Stefán Jón Hafstein oddviti Samfylkingarinnar er sama sinnis. Árni Þór Sigurðsson segir orð Össurar Skarphéðinssonar heimskuleg.

STJÓRNMÁL Oddvitar flokkanna sem standa að Reykjavíkurlistanum gefa lítið fyrir þá skoðun Össurar Skarphéðinssonar að Samfylkingin eigi að bjóða fram R-lista hvort sem samstarfsflokkarnir taki þátt í framboðinu eður ei.

„Mér finnst yfirlýsing Össurar í raun vera heimskuleg, það er í mínum huga ljóst að það verður ekkert sem heitir R-listi nema að honum standi flokkarnir sem stóðu að honum síðast,“ segir Árni

Þór Sigurðsson oddviti Vinstri grænna í borgarstjórn.

Össur Skarphéðinsson, þingmaður Samfylkingarinnar og fyrrverandi formaður, sagði í Fréttablaðinu í gær að hann væri þeirrar skoðunar að Samfylkingin ætti undir öllum kringumstæðum að bjóða fram undir merkjum Reykjavíkurlista, hvort sem samstarfsflokkarnir vildu vera með eða ekki.

Árni Þór segist undrandi á þeim misvísandi skilaboðum sem koma úr herbúðum Samfylkingarinnar þar sem allur gangur virðist vera á því hvað fólk ætlist fyrir með framtíð R-lista-samstarfsins.

Hann segir að honum virðist Samfylkingin hálfhólt í þessum efnunum. Eins segist Árni Þór vera þeirrar skoð-



ÁRNI ÞÓR SIGURÐSSON Segir yfirlýsingu Össurar „heimskulega“.



ALFREÐ ÞORSTEINSSON Ætlar að spara yfirlýsingarnar.



ÖSSUR SKARPHÉÐINSSON OG STEFÁN JÓN HAFSTEIN Össur sagði í Fréttablaðinu í gær að hann vildi að Samfylkingin byði fram R-lista, hvort sem samstarfsflokkarnir vildu vera með eða ekki. Myndin er frá landsfundi Samfylkingarinnar í vor.

unar að eðlilegt sé að leyfa viðræðunefndinni sem hefur umræður um áframhaldandi samstarf á sínu borði að fá vinnufrið til að ljúka því starfi, enda hafi hún fullt umboð til þess.

Alfréð Þorsteinsson, oddviti Framsóknarmanna, segir eðlilegt að menn spari yfirlýsingarnar á meðan málið er á borði viðræðunefndarinnar, þar sé málið í ákveðnu ferli og rætt um samstarf á sama grunni og verið hef-

ur. Á meðan verið sé að ræða þessi mál ætlar hann í það minnsta sjálfur að spara digurbarkalegar yfirlýsingar.

Stefán Jón Hafstein, oddviti Samfylkingarinnar, í borgarstjórn tekur í sama streng og segir umboð viðræðunefndarinnar skýrt og að það beri að virða. Umboð hennar komi úr baklandi flokkanna og því ekki eðlilegt að aðrir skipti sér að því.

Fulltrúar viðræðunefndarinn-

ar hafa lýst því yfir að þeir muni ekki tjá sig frekar um málið við fjölmiðla að svo stöddu. Nefndin er nú í stuttu sumarfrí en síðasti fundur var haldinn fyrir rétttri viku. Búist er við því að hún komi aftur saman snemma í næsta mánuði og að línurnar skýrist fljótlega eftir það.

Skiptar skoðanir virðast innan allra flokkanna um það hvort halda beri samstarfinu áfram.

oddur@frettabladid.is

Vilhjálmur P. Vilhjálmsson um orð Össurar:

R-listinn er að liðast í sundur

STJÓRNVÖLD Vilhjálmur P. Vilhjálmsson, oddviti Sjálfstæðisflokksins í borgarstjórn, segir orð Össurar Skarphéðinssonar athyglisverð.

„Það vekur að sjálfsögðu athygli að einn helsti þungavigtarmaður Samfylkingarinnar og fyrrum formaður skuli í tvígang fjalla ítarlega um framboðsraunir R-listans á vefsíðu sinni og leggja á ráðin um á hvern hátt best væri fyrir Samfylkinguna að komast út úr þessum vanda.“

Vilhjálmur segir umræðuna veikleikamerki á R-listanum. „Þetta er til marks um að R-listinn er að liðast í sundur og sýnir líka veika stöðu Steinunnar Valdísar Óskarsdóttur sem borgarstjóra.“ Þar vísar Vilhjálmur til orða Össurar um að Dagur B. Eggertsson, óháður borgarfulltrúi R-listans, gæti orðið borgar-



VILHJÁLmur P. VILHJÁLmsson Segir R-listann vera að liðast í sundur og að greinilegt sé að Steinunn Valdís njóti ekki stuðnings Össurar.

stjóraefni í opnu prófkjöri. Yfirlýsing Össurar kemur Vilhjálmi þó ekki á óvart. „Það er ekki skrytið að Steinunn Valdís hafi ekki stuðning Össurar eftir

að hún notaði aðstöðu sína í borgarkerfinu til stuðnings Ingibjörgu Sólrúnu Gísladóttur í formannskosningunni gegn Össuri.

- bps

ANDADU LÉTTAR

Viltu hætta að reykja? Við getum aðstoðað þig

800 6030

Diesel á tilboðsverði

Grand Vitara og Suzuki XL-7 diesel

á sérstöku tilboðsverði.

Aðeins fáeinir bílar í boði.

Látið ekki einstakt tilboð
úr hendi sleppa

Grand
styrkleiki

Grand
öryggi

Grand
gæði

Grand Vitara diesel beinskiptur
aðeins kr. 2.590.000
meðaleyðsla 7.8 L á hundaraðið

Suzuki XL-7, 7 sæta diesel beinskiptur
aðeins kr. 2.890.000
meðaleyðsla 8.0 L á hundaraðið

 **SUZUKI**
...er lífsstill!

SUZUKI BÍLAR HF.
Skeifunni 17, Sími 568 51 00.
www.suzukibilar.is

GENGIÐ		GENGI GJALDMÍÐLA 15.07.2005	
		KAUP	SALA
	Bandaríkjadalur USD	64,66	64,96
	Sterlingspund GBP	113,7	114,26
	Evra EUR	78,14	78,58
	Dönsk króna DKK	10,473	10,535
	Norsk króna NOK	9,797	9,855
	Sænsk króna SEK	8,314	8,362
	Japanskt jen JPY	0,5771	0,5805
SDR	XDR	93,87	94,43

Gengisvísitala krónunnar
109,5038

HEIMILD: Seðlabanki Íslands

Tæplega 70 milljóna króna halli á rekstri Landspítala-háskólasjúkrahúss:

Flensan hleypti kostnaði upp

HEILBRIGÐISMÁL „Það má segja að þetta sé viðunandi árangur og vel innan skekkjumarka,“ segir Anna Lilja Gunnarsdóttir, framkvæmdastjóri fjárreiðna og upplýsinga hjá Landspítala-Háskólasjúkrahúsi.

Samkvæmt fimm mánaða uppgjöri er 67 milljón króna hallarekstur á spítalanum á þessu ári en það er töluvert betri árangur en undanfarin ár. Anna Lilja segir að aðhaldsaðgerðir séu að skila árangri en einnig séu núna að nást fram að mestu þau samlegðaráhrif sem stefnt var með sameiningu sjúkrahúsanna tveggja, Landspítala og Borgarspítala.

„Á móti komu tveir þættir sem höfðu áhrif til hins verra varðandi fjárhaginn. Annars vegar mikil aukning innlagna vegna flensutilfella og dráttarvaxtagreiðslur eru umfram áætlun vegna uppsafnaðs greiðsluhalla undanfarinna ára.“

Hálfs árs uppgjör spítalans, sem gefur mun skýrari mynd af fjárhagsstöðunni en fimm mánaða uppgjörið, verður birt um miðjan ágúst.

-aóe

LANDSPÍTALI-HÁSKÓLASJÚKRAHÚS Fyrstu fimm mánuði ársins var hallarekstur á spítalanum um 67 milljónir króna eða rúmar níu milljónir í hverjum mánuði.



Árni Magnússon:

Gæti farið fram í NV-kjördæmi

STJÓRNMÁL Talið er hugsanlegt að Árni Magnússon félagsmálaráðherra flytji sig um set og leiði lista framsóknarmanna í Norðvesturkjördæmi í næstu alþingiskosningum, að því er fram kom í fréttum Sjónvarpsins í gærkvöldi.

Eiginkona Árna fer til náms við Viðskiptaháskólann á Bifröst næsta vetur og hafa framámennt í Framsóknarflokknum þegar rætt við Árna að því er sagði í fréttinni. Árni staðfesti að hafa heyrnt umræðuna en kvaðst ekki ennþá hafa tekið þátt í henni.

- ht

Tengsl á milli al-Kaída og eins árársarmannsins

Hryðjuverkamaður á vegum al-Kaída hefur borið kennsl á einn fjórmenninganna sem taldir eru bera ábyrgð á árásum í Lundúnum. Lögregla útilokar ekki að árársarmennirnir hafi verið leiddir í gildru af útsendurum samtakanna.

LUNDÚNIR Hryðjuverkamaður frá al-Kaída í haldi Bandaríkjamanna hefur borið kennsl á Mohammed Sidique Khan, einn fjórmenninganna sem taldir eru bera ábyrgð á sprengingum sem urðu 55 að bana í Lundúnum þann sjöunda júlí að því er fram kemur á netsíðu dagblaðsins The Independent. Bendir það enn frekar til tengsla al-Kaída við hryðjuverkarárásirnar í Lundúnum.

Hryðjuverkamaðurinn, Mohammed Junaid Babar, var handtekinn á leið til Bandaríkja-anna af fundi á vegum al-Kaída. Hann hefur játað þátttöku í skipulagningu sprenginga í Bretlandi og hefur veitt yfirvöldum mikilvægar upplýsingar um tengslanet hryðjuverkasamtakanna.

Ekki er útilokað að útsendarar al-Kaída hafi leitt fjórmenningana sem frömdu hryðjuverkin í gildru. Lögregla telur ekki víst að mennirnir hafi í raun ætlað að drepa sjálfa sig í árásum heldur hafi þeir hugsanlega einungis ætlað að koma fyrir sprengjum að því er fram kemur í breska dagblaðinu Sunday Telegraph. Útsendararnir munu ekki hafa viljað taka áhættuna á því að mennirnir segðu frá öllu saman ef þeir næðust.

Mennirnir fjórir greiddu allir fyrir bílastæði og lestarferðir fram og til baka áður en þeir lögðu upp frá Luton-lestarstöðinni að King's Cross snemma á sunnudagsmorgun að því er fram kemur í blaðinu. Þar



HRYÐJUVERKUNUM MÓTMÆLT Fjöldi fólks kom saman nærri Tavistock-torgi í gær til þess að mótmæla hryðjuverkunum í borginni þann sjöunda júlí. Samkomuna hélt Félag múslima í Bretlandi auk samtaka um að stöðva stríðið.

skiptu þeir liði og innan við níutíu mínútum síðar sprungu þrjár sprengjanna í mismunandi neðanjarðarlestum í borginni. Sú fjórða sprakk hins vegar um klukkustund síðar í strætisvagni við Tavistock-torg.

Pakistönsk yfirvöld yfirheyrðu í gær þarlandan kaup-sýslumann en símanúmer hans fannst í farsíma eins fjórmenninganna. Maðurinn kveðst eiga marga viðskiptafélaga í Lundúnum en gat ekki skýrt tengsl sín við árársarmanninn að því er segir á fréttavef AP.

Tony Blair, forsætisráðherra Bretlands, undirbýr nú námskeið fyrir múslimaklerki sem niðurgreidd verða af ríkissjóði og eiga að kynna þeim nútímalag viðhorf til íslam samkvæmt upplýsingum Sunday Telegraph. Einnig verður stjórndum moska gert að herða eftirlit með klerkum sínum en grunur leikur á því að fjórmenningarnir hafi orðið fyrir áhrifum frá öfgasinnuðum múslimum í moskum í Yorkshire og Buckinghamshire.

helgat@frettabladid.is



MARGRÉT SVVERRISDÓTTIR Hvorki er krafist reynslu af fjölmiðlun né menningarlegar sýnar í auglýsingu um starf útvarpsstjóra.

Hollvinasamtök RÚV:

Óttast pólitík

MENNING Margrét Svverrisdóttir, formaður Hollvinasamtaka Ríkisútvarpsins, óttast að nýr útvarpsstjóri verði ekki ráðinn á faglegum forsendum heldur pólitískum.

„Það eru ýmis sölamerki á lofti sem vekja okkur ugg. Til dæmis er hvorki gerð krafa um reynslu af fjölmiðlun né menningarlega sýn í auglýsingu um starfið,“ segir Margrét sem þó tekur fram að hún telji Þorgerði Katrínu Gunnarsdóttur menntamálaráðherra hafa metnað fyrir hönd Ríkisútvarpsins.

Samtökin skora á fólk með viðtæka reynslu af fjölmiðlun og menningarlegan metnað að sækja um starfið.

Umsóknarfrestur rennur út á fimmtudag.

- bps

LÖGREGLUFRETTIR

FERÐAMAÐUR BRAUST INN Í HÚS Á SELFOSSI Ólvaður, erlendur ferðamaður á fertugsaldri réðst inn í hús á Selfossi aðfaranótt sunnudags og meiddi þrettán ára stúlku sem þar var. Stúlkan leit aði sér sjálf aðstöðar á heilsugæslunni á Selfossi en var ekki mikið slösuð. Maðurinn er nú í haldi lögreglunnar á Selfossi.



Á LANDAMÆRUNUM Langar raðir vöruflutningabíla mynduðust þegar Sýrlendingar lokuðu landamærunum við Líbanon eftir erjur landanna á milli gær.

Grunnt á því góða:

Fiskimenn teknir höndum

BEIRÚT, AP Líbanska lögreglan skiptist á skotum við smyglara meðan sýrlensk yfirvöld handtöku líbanska fiskimenn í nýrri hrinu landamæraátaka ríkjanna tveggja. Bera átökin vott um vaxandi ólgu í samskiptum ríkjanna eftir að Sýrlendingar neyddust til þess að láta af áratugalangri her-setu í Líbanon í apríl.

Smyglararnir voru á leið til Sýrlands með ólöglegan varning þegar lögregla varð þeirra vör. Líbanskur lögregluþjónn særðist í átökunum en smyglararnir sluppu inn í Sýrland. Fiskimennirnir voru innan sýrlenskrar lögsögu þegar þeir voru handteknir. Af- inn var gerður upptækur. ■

TYRKLAND

EKKI SJÁLFSMORÐSÁRÁS Ekki er talið að um sjálfsmorðsárás hafi verið að ræða þegar lítil rúta var sprengd á loft upp á fjölförnum ferðamannastað við strönd Eyjahafssins í Tyrklandi á laugardag. Fimm létust í sprengingunni, þar af bresk kona og írskur unglingur. Talið er að sprengjuböggli hafi verið komið fyrir í rútunni.

www.ibudalan.is

Einfaldari leið að íbúðakaupum

Að fjármagna íbúðakaup hjá **Íbúðalán.is** er einfalt, fljótlegt og þægilegt. Þú ferð einfaldlega inn á vefslóðina **www.ibudalan.is** og gengur frá þínum málum í tveimur einföldum skrefum - greiðslumatinu og lánsúmsókninni.


Fasteignasalinn sendir síðan kaupþilboðið rafrænt til **Íbúðalán.is**

Íbúðalán.is
www.ibudalan.is


VEÐRIÐ

Norðaustanátt í dag. Jæja, nú er loksins útlit fyrir að Sunnlendingar fái að njóta sólar í einhverja daga. Það birtir til í dag og gæti orðið bjartviðri fram eftir vikunni sunnanlands en vætusamt norðan- og austanlands. Það má reikna með nokkrum vindi í dag víða á landinu en hann lægir á morgun og þá má reikna með hæglaetis veðri víðast hvar. Á miðvikudag og fimmtudag verður hæg breytileg átt og úrkomulítið. Það er líklega best að byrja útleiguna á Suðurlandi og fíkra sig svo austur á bóginn þegar liður á vikuna.


Í dag



Á morgun



Miðvikudagur



Veðrið úti í heimi í dag

Kaupmannahöfn	21°C skýjað	Algarve	27°C sk.m.köflum
Oslo	28°C heiðskirt	Mallorca	27°C sk.m.köflum
London	24°C sk.m.köflum	Krít/Chania	30°C heiðskirt
Paris	26°C sk.m.köflum	Barcelona	29°C sk.m.köflum

Kveðja, Guðriólfur Arnarson náttúrufræðingur.

Svæði þar sem búast má við talsverðri vætu eru skyggð á kortinu. Minniháttar úrcoma er táknúð með dropum. Hitatölur sýna hæstu hitagildi.

Hive Lite

NÚNA FÆRÐU 8Mb TENGINGU, 4GB NIÐURHAL,
OG ÞRÁÐLAUST INTERNET Á AÐEINS

3.990

Á MÁNUÐI?*

*M.v. 12 mánaða samning.

Það er ekkert mál að skipta.

Hive.is Grensásvegi 16, Reykjavík. Þjónustusími 414 1616 hive@hive.is





KJÖRKASSINN

Ætlar þú að lesa nýjustu bókina um Harry Potter?

Niðurstöður gærdagsins á vísir.is

Já	13,73%
Nei	86,27%

SPURNING DAGSINS Í DAG:

Var verslunum Nóatíns stætt á því að gefa bjór með gasgrillum í vikunni?

Farðu inn á fréttahluta vísir.is og segðu þína skoðun



Ísraelsstjórn boðar hörku í samskiptum við Palestínnumenn:

Hernum gefinn laus taumurinn

JERUSALEM. AP Ariel Sharon forsætisráðherra Ísraels sagði í gær að öllum brögðum yrði beitt til að stöðva palestínska uppreisnarmenn. Hann vill tryggja að áætlanir um brottflutning ísrelskra landtökumanna á Gaza gangi sem allra best.

Þúsundir ísraelskra hermanna hafa nú komið sér fyrir við landamæri Gaza-strandarinnar og biða skipunar um að ráðast til atlögu. Óttast er að palestínskir uppreisnarmenn láti hins vegar hart mæta hörðu og hefni sín grimmilega ef herinn ræðst á heimastjórnarsvæðið.

Mahmoud Abbas forseti

Palestínu lét lögreglumenn fjarlægja fána öfgasamtaka og sagðist ekki mundu líða að grafið yrði undan ríkisstjórn hans. Öfgasamtök hafa undanfarna daga staðið fyrir stórfelldum loftskeytaárásum á ísraelsk skotmörk og hafa sex Ísraelar fallið í þeim síðan á fimmtudag. Svo virðist sem vopnahléssamningurinn síðan í febrúar sé að verða að engu.

Í gærmorgun var svo einn leiðtogi Hamas-samtakanna ráðinn af dögum og segja vitni að menn á vegum Ísraelsstjórnar hafi framið morðið. Hamas-liðar hótta hefndaraðgerðum. ■



HAMAS-LIÐI Á BLAÐAMANNAFUNDI Hamas-liðar hafa lofað því að láta hart mæta hörðu. Nú er einnig illska hlaupin í samskipti uppreisnarmanna og opinberra lögreglu Palestínnumanna.

Eldsvoði í safni:

Listaverkin björguðust

NOREGUR Eldur kom upp í listasafni Henie Onstad í Høvikodden í Norge í vikunni. Um hundrað manns voru í safninu þegar bruninn kom upp í forstofurými safnsins og tókst að koma öllum út á örfáum mínútum.

Í safninu eru geymd listaverk sem sum hver eru talin ómetanleg, þar á meðal málverk eftir norska málarann Edvard Munch. Svo vel gekk að slökkva eldinn að listaverkin skemmdust ekkert, hvorki af völdum elds né reyks.

Þetta er ekki í fyrsta skipti sem kviknar í Heinie Onstad-safninu en stórbruni kom þar upp árið 1998. ■



SÍLAMÁVUR

Festust í grút:

Aflífa varð tugi sílamáva

SLYS Lögreglan í Reykjanesbæ þurfti að aflífa um 40 sílamáva í Sandgerði síðdegis í fyrradag. Sílamávarnir höfðu fengið á sig grút sem óþekkt skip losaði í sjóinn úti fyrir Sandgerði.

Grútur er mengaður úrgangur og er álitid síðlegra að aflífa dýr sem fá hann á sig. Talið er að þau gangi í gegnum miklar kvalir áður en þau deyja.

„Sílamávarnir voru vappandi um höfnina og bæinn allir útataðir í grúti. Íbúar Sandgerðis aðstoðuðu okkur við að klófesta þá og sáum við svo um að aflífa þá,“ segir Sigurður Bergmann aðalvarðstjóri hjá lögreglunni í Reykjanesbæ.

ifv

LÖGREGLUFRETTIR

MAÐUR HANDTEKINN MEÐ FÍKNI-EFNI Á SAUÐÁRKROKI Lögreglan á Sauðárkróki handtók sautján ára mann aðfaranótt sunnudags. Maðurinn var með nokkur grömm af hassi og amfetamíni á sér. Hann hefur ekki áður komið við sögu lögreglunnar. Manninn var sleppt í kjölfarið og telst málið upplýst.

RYSKINGAR Á BLÖNDUÓSI Tvær konur lentu í ryskingum á balli á Blönduósi aðfaranótt sunnudags. Önnur konan kærði líkamsárás til lögreglunnar í kjölfarið. Ekki er vitað um meidsl þeirra.

BÍLVELTA Á ÓLAFSFIJARDARVEGI Bílvelta varð á Ólafsfjarðarvegi milli Dalvíkur og Ólafsfjarðar aðfaranótt sunnudags. Tveir voru fluttir á slysideild. Annar manna fékk að fara heim að lokinni skoðun en hinn er ennþá á slysideild með brákaðan hryggjarlið.

Hrefnukjöt á grillið selst upp í verslunum

Mikil sala er á hrefnukjöti í matvöruverslunum og dæmi eru um að hrefnukjöt hafi selst upp í Nóatúni. Vísindaveiðum á hrefnu lýkur að þessu veiðitímabili loknu og því fer hver að verða síðastur að kaupa sér hvalkjöt.

SJÁVARÚTVEGUR Talsverð spurn er eftir hrefnukjöti þessa dagana og er hún jafnvel meiri en framboðið. Hrefnuveiðimenn vonast eftir góðu veðri, bæði til að veiðarnar glæðist og betri aðstæður skapist við grillið.

„Fólk vill hrefnuna helst á grillið yfir sumartímann og það er auðvitað út af því hvað hún er bragðgóð sem hún selst svona vel,“ segir Gunnar Bergmann, hjá Félagi hrefnuveiðimanna, en hrefnukjöt hefur verið boðið til sölu í ýmsum matvöruverslunum á höfuðborgarsvæðinu að undanfögnu.

Gunnar segir að kjötið sem býðst núna, sé kjöt af þeirri hrefnu sem nú veiðist í vísindaskyni við stendur landsins en þegar hafa veiðst sjö dýr og enn er veitt. Misjafnlega hefur viðrað til veiða að undanfögnu. Nú vonast hann eftir góðu grillveðri svo hægt verði að selja enn meira af hrefnu.

Vísindaveiðar á hrefnu hafa staðið undanfarnin ár en í ár stendur til að veiða þrjátíu og sjö dýr og lýkur þar með kafla hrefnuveiða í vísindaskyni í bili. Ekki er útlit fyrir að þær verði heimilaðar í atvinnuskyni enda engar veiðar heimilaðar nema með samþykki Alþjóðahvalveiðiráðsins sem felldi allar tillögur þess efnis á ársfundi sínum á dögnum.

„Eftirspurnin eftir kjötinu er meira en framboðið. Við höfum verið að fara allt að tvisvar á dag með hrefnukjöt í verslanir þar sem það hefur selst upp eins og til dæmis í Nóatúni og það er



HREFNAN ROKSELST Mikil spurn er eftir hrefnukjöti þessa dagana enda þykir hvalurinn góður á grillið

ánægjulegt. Það er auðvelt að sjá að landanum líkar þetta vel. Það er nóg eftir ef vel veiðist og við vonum að landsmenn haldi áfram að borða hrefnu,“ segir Gunnar sem er afar ánægður með viðtökur landsmanna á hrefnunni enda segir hann að hún sé lostæti sem

slái hvaða grillkjöti sem er við.

Hver hrefna gefur af sér um átta hundruð kíló af kjöti og þar af eru þrjú hundruð sem fara beint í kjötborð matvöruverslana en afgangurinn er frystur og selst þannig í stórmörkuðunum hér heima.

hjalmar@frettabladid.is



JUSUF KALLA Varaforseti Indónesíu lýsti yfir á blaðamannafundi í Helsinki í gær að von væri á friði í Aceh-héraði.

Aceh-hérað:

Endi bundinn á deilurnar

HELSINKI, AP Ríkisstjórn Indónesíu og uppreisnarmenn frá Aceh-héraði sættust á það í gær að skrifa í næsta mánuði undir formlegt friðarsamkomulag.

Þar með verður vonandi bundinn endi á 29 ára langar blóðugar deilur sem hafa kostað yfir 15 þúsund manns lífið í þessu héraði sem kom hvað verst út úr flóðbylgjunni á annan dag jóla.

Viðræður milli fylkinganna hafa farið fram í Helsinki, höfuðborg Finnlands, en þar verður skrifað undir samkomulagið þann 15. ágúst næstkomandi. ■

BANDARÍKIN

RÝMING VEGNA GASLEKA

Lögregla í þorpi í York County, Pennsylvaníu, sá sér þann kost vænstan að rýma 32 hús eftir að brennslugas í andrúmsloftinu var komið talsvert yfir hættumörk. Í ljós kom að gasleiðsla hafði gefið sig og að viðgerð lokinni fengu flestir að snúa til síns heima.

FINGRASKANNI Í DISNEYLANDI

Áform eru uppi um að allir gestir í Disneyland verði látnir þrýsta fingrum sínum á fingrafaraskanna. Formælendur garðsins segja að meiningin sé eingöngu að ganga úr skugga um hverjir hafi gilda miða en gagnrýnendur tiltækisins segja að vegið sé að persónufrelsi með því.

Ferðum strætisvagna um Suðurgötu fjölga:

Íbúarnir sárir og reiðir

SAMGÖNGUR Með breyttu leiðarkerfi Strætó, sem tekur gildi á laugardag, fjölga ferðum strætisvagna um Suðurgötu í Reykjavík, íbúum götunnar til sárrar óánægju.

„Þetta verður hryllilegt,“ segir Benedikt Stefánsson sem býr við Suðurgötu. Hann segir það skjóta skökku við að nýbúið sé að þrengja götuna og gera hana fína og hleypa svo á hana jafn tíðri umferð strætisvagna og raun ber vitni.

Nýja leiðarkerfið gerir ráð fyrir að um Vonarstræti og Suðurgötu verði helsta æð vagnanna út úr miðborginni og hlaupa ferðir þeirra þar um á tugum á hverri klukkustund.

„Við höfum margsinnis kvartað undan þeirri umferð strætisvagna sem þegar er um götuna,“ segir Benedikt og vitnar til sam-



STRÆTÓ Í SUÐURGÖTU Þröngt er á horni Suðurgötu og Vonarstrætis og þurfa strætisvagnar oft að leggja undir sig báðar akreinar og hluta gangstéttarinnar að auki til að komast leiðar sinnar.

þykta og bréfasendinga húsfélaga og einstaklinga. Ekkert mark hefur verið tekið á þeim umkvörtunum, þvert á móti mun strætisvagnaumferðin þyngjast.

Benedikt óttast að þung umferð strætisvagna muni hafa áhrif á fasteignaverð við götuna eins og oft er raunin þar sem umferð er þung.

- bps

FRIENDS
VIRKA DAGA KL. 20:30



SIRKUS ER KOMINN Í LOFTIÐ!

SJÓNVARPSSTÖÐIN SIRKUS ER ALLTAFÍ ÓLÆSTRI DAGSKRÁ. SIRKUS VERÐUR SJÓNVARPAÐ Á SÖMU RÁS OG POPP TÍVIÐVAR. ÁSKRIFENDUR DIGITAL ISLAND ÞURFA AÐ UPPFÆRA MYNDLILINN TIL AÐ SJÁ POPP TÍVIÐFRAM.

FYLGSTU MEÐ:



HR-V

HONDA

The Power of Dreams

Sportlegt sumartilboð



* Bítasamningur Lýsingar - 30% innborgun og eftirstöðvar á 84 mánuðum

→ Ódýrasti borgarjeppinn enn ódýrari HR-V, Sport með sóllúgu, á sérstöku sumartilboði aðeins

2.149.000 kr.

22.441 kr. á mánuði*

honda.is



Fjörbíllinn fyrir vegi til allra átta

Hleyptu nýju lífi í sumargleðina. Stígðu upp í Honda HR-V, láttu nett ytra rýmið og fjörlega hönnunina koma þér í gott ferðaskap og uppgötvaðu alla möguleikana sem bíða þín. Hann er fjörbíllinn með léttu, fríska og sparneytna vél og innanrymi sem má aðlaga fyrir allar lífsins ferðir. Hvort sem leiðin liggur út úr bænum eða um hálar götur tryggir fjórhjóladrifið örugga rásfestu og allir þekkja að Honda vörumerkið tryggir Honda gæðin. Nú er enn ódýrara að gera lífið svolítið sportlegra – nýttu tækifærið.





VEISTU SVARIÐ?

- 1 Hvað heitir nýjasta bókin um Harry Potter?
- 2 Hvar á landinu hlekkist litilli flugvél á á föstudaginn?
- 3 Hvar ætlar Kári Stefánsson að vinna í sumarfríinu sínu?

SVÖRIN ERU Á BLS. 30

Fyrstu ákærurnar á hendur Saddam Hussein:

Sakaður um að hafa fyrirskipað fjöldamorð

BAGDAD, AP Saddam Hussein verður ákærður fyrir fjöldamorð gegn sjúum árið 1982. Þetta verður fyrsta dómsmálið sem höfðað verður gegn einræðisherranum fyrrverandi.

Raid Juhí, aðaldómari við saka-dómstólinn sem settur var upp til að fjalla um glæpi Saddams, lýsti því yfir í gær að rannsókn væri lokið á fjöldamorðum sem framin voru á 150 sjúum í þorpinu Dujail, skammt norður af Bagdad, 8. júlí 1982. Öryggissveitir forsetans stóðu fyrir aftökunum en skömmu áður hafði verið reynt að ráða Saddam af dögum.

Aðrir sem verða ákærðir fyrir þátttöku í þessum fjöldamorðum eru Barazan Ibrahim, hálfbróðir

Saddams og yfirmaður öryggislögreglunnar, Taha Yassin Ramadan, fyrrverandi varaforseti, og Awad Hamed al-Bandar, sem var á þessum árum embættismaður Baath-flokksins í Dujail. Verði fjórmenn-ingarnir fundnir sekir gæti dauðadómur beðið þeirra. Dómstóllinn hefur hálfan annan mánuð til að ákveða hvenær réttarhöldin hefjast.

Juhí sagði að rannsókn annarra glæpa sem Saddam er grunaður um að hafa framið muni ljúka á næstu vikum. Þar á meðal eru svonefnd Anfal-aðgerð gegn Kúrdum á árunum 1987-88 en talið er 182.000 Kúrdar hafi týnt lífi í þeim hreinsunum. ■



BIÐUR DÓMS Verði Saddam fundinn sekur gæti dauðadómur beðið hans.

Kjartan Ólafsson:

Nýr Kjalvegur 2007-2008

VEGAGERÐ Áhugamenn um uppbyggingu Kjalvegur ætla að halda fund í haust og stofna félag. Í framhaldi af því hefst undirbúningur að hönnun og fjármögnun vegarins.

Kjartan Ólafsson alþingismaður segir að gamla vegstæðið verði að mestu leyti notað og því þurfi ekki mjög flókið umhverfismat. Uppbyggður Kjalvegur geti verið orðinn að veruleika 2007-2008.

„Það þarf að fara í gegnum veðurfarsupplýsingar og meta hvað þurfi að byggja veginn hátt upp,“ sagði hann í Morgunútvarpi Fréttablaðsins á Talstöðinni í gær.

-ghs

Ljósmyndarinn Spencer Tunick í Bretlandi:

Á annað þúsund svipti sig klæðum

BRETLAND 1.700 manns söfnuðust saman og sviptu sig klæðum í bænum Gateshead við ána Tyne í Norður-Englandi í gær til að sitja fyrir á ljósmyndum bandaríska ljósmyndarans Spencers Tunick. Margir voru komnir langt að, til dæmis frá Ástralíu og Mexíkó.

Tunick er þekktur fyrir ljósmyndir sínar af stórum hópum allsnakins fólks. Hann hóf þessa iðju í New York árið 1992 en síðan hefur hann fengið fólk til að striplast fyrir sig í ýmsum stórborgum heimsins. Árið 2003 fékk hann 7.000 stípalinga til liðs við sig í Barcelona.

Allir sem sitja fyrir hjá honum fá áritaða mynd að launum. ■



STRIPLAST Í GATESHEAD 1.700 manns sátu fyrir á ljósmyndum Tunicks í gær.



GOLFKORT KB BANKA

**HAGKVÆMUR
KOSTUR
FYRIR
GOLFARA**

Golfkort KB banka er fullgilt kreditkort sem veitir kylfingum fjölmörg fríðindi sem tengjast golfi og getur þannig sparað þeim umtalsverðar fjárhæðir. Allir geta sótt um Golfkort, hvort sem þeir eru í viðskiptum við KB banka eða ekki, á golfkort.is, í síma 444 7000 eða næsta útibúi KB banka.



SÉRBLAÐ UM GOLF

FYLGIR FRÉTTABLAÐINU 19. JÚLÍ



Fangaðu augnablikið!

Þú myndar ekki eftir á

Þess vegna skiptir máli að fanga augnablikið með vél sem þú kannt á og skilar þeim gæðum sem þú sækist eftir. Hjá Ormsson færðu tvö af þekktustu merkjunum á markaðnum.

Þú segir okkur hvaða kröfur þú gerir varðandi verð og gæði - við uppfyllum þær.

OLYMPUS®



Kr. 17.900

CAMEDIA C-480

4.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt fläss
- 1.8" skjár
- Quicktime videoupptaka
- Innbyggt 14mb minni
- Hægt að stækka með XD minniskorti
- Notar AA rafhlöður



Kr. 25.900

CAMEDIA C-500

5.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga
- Innbyggt fläss, val á milli 3 stillinga
- 1.8" skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Innbyggt 14 mb minni.
- Hægt að stækka með XD minniskorti
- Notar AA rafhlöður
- Þyngd 150g (án rafhlöðu og minniskorts)



Kr. 27.900

MJU 500 all weather

5.0 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-105mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 19 prógram stillinga
- Innbyggt fläss með In Camera red-eye fix
- 2.5" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 160g (án rafhlöðu og minniskorts)



Kr. 27.900

Besta hönnunin 2005
MJU MINI S all weather

5.0 milljón punktar

- 2 x Optical aðdráttur (35-70mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 13 prógram stillinga
- Innbyggt fläss
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 165g (án rafhlöðu og minniskorts)



Kr. 44.900

CAMEDIA C-70

7.0 milljón punktar

- 5 x Optical aðdráttur (38-190mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 5 prógram og 3 manual stillinga
- Innbyggt fläss
- 2.0" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar XD minniskort
- Notar Lithium rafhlöður
- Þyngd 220g (án rafhlöðu og minniskorts)



Kr. 59.900

CAMEDIA C-7070

7.1 milljón punktar

- 4 x aðdráttur (27-110mm)
- 5 x stafrænn aðdráttur
- Ljósop f/2.8-4.8
- Nærmyndataka niður að 3cm
- Val á milli 7 prógram og 3 manual stillinga
- Innbyggt fläss. Fläss skór fyrir stærra Olympus fläss
- 1.8" LCD skjár
- Videoupptaka með hljóði
- Getur notað bæði XD og Compact Flash minniskort
- Þyngd 433g (á rafhlöðu og minniskorts)



Kr. 19.900

MJU MINI all weather

4.0 milljón punktar

- 2 x Optical aðdráttur
- Innbyggt fläss
- 1.8" skjár
- Quicktime videotaka með hljóði
- 16 MB XD minniskort
- Hleðslutæki
- Lithium hleðslurafhlaða
- Þyngd 115 gr

Nikon



Kr. 29.900

COOLPIX 5600

5.1 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (35-135mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 15 prógram stillinga og D-ligting
- Innbyggt fläss með In Camera red-eye fix
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 220 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðu



Kr. 39.900

COOLPIX 7600

7.1 milljón pixlar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- Val á milli 16 prógram stillinga og D-ligting
- Innbyggt fläss: Val á milli 4 stillinga og In Camera red-eye fix
- 1.8" LCD skjár
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Notar AA rafhlöður. Tekur allt að 100 myndir á eitt sett af Alkaline rafhlöðum



Kr. 48.900

COOLPIX 7900

7.1 milljón punktar

- 3 x Optical aðdráttur (38-114mm)
- 4 x stafrænn aðdráttur
- Val á milli 16 prógram stillinga, D-ligting og Face-priority AF
- Innbyggt fläss með In Camera red-eye fix
- 2.0" LCD skjár (upplausn 115.000 punktar)
- Quicktime videotaka með hljóði og hristivörn á aðdrætti
- Hægt að nota sem diktafon



Kr. 99.900

D-50

6.1 milljón punktar

- Digital SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt fläss
- Quicktime videoupptaka með hljóði
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-55mm



Kr. 139.900

D-70

6.1 milljón punktar

- SLR
- 3008x2000 upplausn
- Skiptanleg linsa
- Innbyggt fläss
- Program og manual stillingar
- Linsa: DX 18-70mm

www.ormsson.is

„ORÐRÉTT“

„Ég er bara að leysa af mér til skemmtunar og til að rifja upp gamlar minningar.“

„Ég get ekki orða bundist lengur yfir mávamerðinni í borginni.“

KÁRI STEFÁNSSON LÆKNIR Í FRÉTTABLAÐINU.

HARPA KARLSDÓTTIR Í MORGUNBLAÐINU.

nær og fjær tilveran

HALTUR LEIÐIR BLINDAN: PÓSTKORT FRÁ BJARKA OG GUÐBRANDI

Ekkert mý í Mývatnssveit

Fögur sjón blasti við okkur þegar við gengum niður Námaskarðið og komum í Mývatnssveit í gær. Hér er einstaklega fallett yfir að líta þrátt fyrir ský á himni en heitur vindurinn leikur við vanga okkar. Það vakti strax athygli okkar að ekkert er mýið þrátt fyrir að vatnið og sveitin séu kennd við þá hvítleiðu flugnategund. Segja okkur fróðir menn að við séum á milli gangna, eins og það er kallað, flugan er að drepast og aðrar að fæðast. Við megum sjálfsagt teljast heppnir að vera hér akkúrat á þessum tíma. Við verðum aðallega varir við erlenda ferðamenn hér um slóðir



en þó mætum við alltaf einum og einum Íslendingi. Þannig hittum við Steingrím J. Sigfússon alþingismann á laugardag og hann gekk með okkur smá spöl. Hann lauk nýlega mikilli göngu yfir landið og gátum við rætt um margt sem viðkemur göngumálum. Ferð okkar hefur gengið í alla staði vel en það verður að segjast alveg eins og er að það er góð tilfinning að eiga bara átján daga eftir. Nú finnst okkur við vera að nálgast takmarkið og það gerir göngu hvers dags auðveldari og skemmtilegri. Við hvetjum svo alla til að líta á heimasíðuna okkar, gangan.is og sjá nánari fréttir af ferðum okkar. Kveðja, Bjarki og Guðbrandur.

ÁSTKÆRA YLHÝRA

Hyski

Hyski er samkvæmt orðabók ómerkilegt fólk, illþýði. Nú, eða rumpulýður, þakk, múgur, skrill. Möguleikarnir eru allnokkrir þótt aðeins tveir þeirra hafi orðið fyrir valinu í orðabókinni. Að vera hyskinn merkir síðan að vera latgur. En hyski merkir reyndar líka einfaldlega fjölskylda, heimilisfólk. Litlu börnin eru hyski, unglíngarnir eru hyski, afi og amma eru hyski og foreldrar eru hyski. Það er gott að slaka á í faðmi hyskisins að loknum ströngum vinnudegi. Þetta fer líka vel á boðskorti: „Jón Jónsson og hyski hans bjóða þér og þínu hyski til gleðskapar“. Það ætti að geta orðið fínasta teiti.

magnus@frettabladid.is

Könnun meðal kúabænda:

Landstólpi gerir það gott

Flestir bændur keyptu sáðkornið sitt af Landstólpa þetta árið samkvæmt athugun á nau.is, vef kúabænda. Má þar sjá að 27,3 prósent skiptu við Landstólpa að þessu sinni, talsvert fleiri en við Mjólkurfélag Reykjavíkur sem er í öðru sæti með tæp tuttugu prósent viðskiptanna. Bústólpi er næstur með tæp sautján prósent og Föðurblandan í fjórða sæti með rúm níu prósent.

Aðeins rúm fimm prósent bænda keyptu sáðkornið sitt hjá einhverju kaupfélaganna og er það til marks um breytta tíma í samfélaginu því kaupfélögin voru jú upphafið og endirinn í nánast öllum búskap í landinu þar til fyrir nokkrum árum.

Athygli vekur að samkvæmt þessari netkönnun nau.is keyptu tæp fjögur prósent bænda sáðkorn sitt annars staðar en af ofan-



HOLLUR ER HAGINN Hörd samkeppni ríkir á sáðkornamarkaðnum.

greindum fyrirtækjum og enn meiri athygli vekur að rúm átján prósent þátttakenda í könnuninni keyptu alls ekkert sáðkorn.

Má af því ráða að fólk hefur gaman af að taka þátt í könnunum sem þessari þótt spurt sé um sérhæfð og einangruð málefni. - bps

FRÉTTABLAÐIÐ/HARI



ÖRNÓLFUR THORLACIUS „Þegar ég kenndi í MR á árunum 1960 til 1967 var alvanalegt að kennarar væru í jakkafötum og með bindi.“

Gleymdi hálsbindi og þurfti að taka leigubíl

Bindisleysi varð til þess að Örnólfur Thorlacius var næstum orðinn of seinn til að halda munnlegt stúdentspróf fyrir um fjörutíu árum. Hann rifjar upp söguna í kjölfar fréttar um bindislausu forkólfa íslensks viðskiptalífs.

Sagt er að vinnuföt dagsins í dag séu spariföt morgundagsins. Í þeim orðum felst að klæðaburður verði sífellt frjálsegri, bæði hversdags og spari.

Örnólfur Thorlacius, fyrrum rektor Menntaskólans við Hamrahlíð og þar áður kennari við Menntaskólann í Reykjavík, man tímana tvenna í þeim efnunum.

„Þegar ég kenndi í MR á árunum 1960 til 1967 var alvanalegt að kennarar væru í jakkafötum og með bindi,“ rifjar Örnólfur upp. „Nemendur voru þá líka vel til fara og jafnan í jakkafötum. Það var svo einn daginn að ég var á leið í skólann til að halda munnlegt stúdentspróf í náttúrufræði. Ég var kominn vel áleiðis þegar ég uppgötvaði að ég hafði gleymt að hnýta á mig hálsbindið.“

Örnólfur segir að hefði hann verið á leið til hefðbundinnar

kennslu hefði hann eflaust haldið áfram för og unnið sín störf bindislaus. Hann var enda í hópi yngri kennara skólans og hefði getað leyft sér slíkt frjálstræði. En þetta var enginn venjulegur dagur; stúdentspróf framundan.

„Ég snéri því við og hengdi á mig hálsbindið,“ segir Örnólfur sem bjó þá í Háaleitinu. „Fyrir vikið var ég að verða of seinn og þetta kostaði mig því leigubíl. Það var ekki annað að gera.“

Svona var tíðarandinn í þá daga en breyttist fáum árum síðar. Haustið 1967 hóf Örnólfur störf við hinn nýstofnaða MH. „Þar gengu menn helst á tímabili í verksmiðjubleiktum og skellóttum gallabuxum og ég man eftir dreng sem verðlaunaður var ár eftir ár fyrir góðan námsárangur. Alltaf kom hann upp til rektors með sítt og ógreitt hárið og í skellóttu gallabuxunum sínum. Þegar svo leið að útskrift hans upphófst mikið stríð á heimilinu því foreldrar hans ætluðu að þvinga hann til að klæðast smóking við útskriftarathöfnina eins og allir klæddust þá. Eftir talsvert þóf samdist þeim um að strákur færi þó í nýjar gallabuxur.“

Örnólfur segir „gallabuxna-drenginn“ vera virðulegan lækni í útlöndum í dag, „og vafalast gengur hann með stífaðan flíbbu og allt hvað eina,“ segir hann.

bjorn@frettabladid.is



VERSLUNARMANNAHELGIN 2005 Í HNOTSKURN

GLÆSILEGT SÉRBLAÐ FYLGIR FRÉTTABLAÐINU ÞANN 26. JÚLÍ UM ALLT SEM TENGIST VERSLUNARMANNAHELGINNI 2005.

Í blaðinu verður ítarleg dagskrá yfir atburði helgarinnar, listi yfir hluti sem eru ómissandi í ferðalagið, upplýsingar um hvað er við hæfi í mat og meðlæti o.m.fl.

Þeim sem vilja auglýsa í þessu yfirgripsmikla blaði er bent á að hafa samband við Val Þráinsson í síma 550 5084 eða valur@frettabladid.is.

FRÉTTABLAÐIÐ



HVAÐ ÞARF TIL AÐ **STOPPA** ÞIG?



HVÍTA HÚSD / SÍA

AKTU **ALDREI** UNDIR ÁHRIFUM!



UMFERÐARSTOFA

VÍN BÚÐ

SVONA ERUM VIÐ

BYGGING ÍBÚÐARHÚSA Á ÖLLU LANDINU
(FJÖLDI ÍBÚÐA SEM LOKIÐ ER VIÐ)

Heimild: Hagstofan



baksvið

fréttir og fróðleikur

FBL GREINING? KEA FYRR OG SÍÐAR

Starfsemin endurspeglast af tíðarandanum

Hvenær hófst fyrsta blómaskeiðið í sögu KEA?

Eftir heimsstyrjöldina fyrri áraði vel til lands og sjávar og Eyfirðingum vegnaði almennt vel. Á skömmum tíma réðst KEA í byggingu nýs verslunarhúss, sláturhúss, mjólkurvinnslustöðvar og frystihúss til frystingar á kjöti til útflutnings. Árið 1930 hafði félagið byggt skrifstofu- og verslunarhús á horni Hafnarstrætis og Kaupvangsstrætis sem allar götur síðan hefur verið tákn Kaupfélags Eyfirðinga. Hvernig hefur þróunin varðandi fjölda starfsmanna verið?

Árið 1926 voru skráðir starfsmenn félagsins á Akureyri og Dalvík 21 að tólu. Fjórutíu árum síðar voru starfsmenn KEA á sjötta hundrað og á miðjum níunda áratug síðustu aldar voru starfsmenn

KEA orðnir nokkuð á annað þúsund. Í dag eru starfsmenn félagsins þrjú.

Hver á Kaupfélag Eyfirðinga?

KEA er í eigu félagsmanna á starfssvæði félagsins í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum og er fjöldi þeirra á áttunda þúsund. Allir lögráða einstaklingar, sem eiga lögheimili á félagssvæðinu, geta orðið fullgildir félagsmenn. Einstaklingar undir lögræðisaldri, sem búsettir eru á félagssvæðinu, geta einnig orðið félagsmenn með ábyrgð forráðarmanna og þeim takmörkunum varðandi trúnaðarstörf sem lög ákvarða. Til að gerast félagsmaður greiðir hver einstaklingur 500 krónur í aðildargjald til félagsins og skal inn eign allra félagsmanna í stofnsjóði vera sú sama.

SPURT & SVARÐ
KEA Í UPPHAFI NÝRRAR ALDARANDRI TEITSSON
Framkvæmdastjóri KEA

Tvö ný félög

Kaupfélag Eyfirðinga hefur stofnað tvö ný einkahlutafélög, Framtakssjóð og Hilding.

Hver er tilgangur Framtakssjóðsins? Hlutverk Framtakssjóðsins er að leggja fé í sprotafyrirtæki á starfssvæði KEA en eigið fé sjóðsins er 400 milljónir króna. Þar af eru 100 milljónir króna í formi hlutfjár sem KEA hefur nú þegar lagt nýjum fyrirtækjum til en 300 milljónir króna eru í formi peninga. Stuðningur Framtakssjóðs einkorðast ekki við einn atvinnuveg frekar en annan.

Hver eru markmið Hildings?

Hildingur þýðir konungur eða hermaður en markmið félagsins er að fjárfesta í rótgrónum fyrirtækjum. Eigið fé Hildings er 1200 milljónir króna; 400 milljónir króna í formi hlutfjár í fyrirtækjum á Norðurlandi og 800 milljónir króna í peningum. Þegar sýnt er að fyrirtækin sem Hildingur og Framtakssjóðurinn fjárfesta í eru orðin sjálfbjarga er hugsanlegt að við seljum okkar hlut í þeim og notum fjármunina til að fjárfesta í öðrum fyrirtækjum.

Stórveldi með þrjú starfsmenn

Ferskir vindar blása um starfsemi Kaupfélags Eyfirðinga í upphafi nýrrar aldar og félagið fer ótroðnar slóðir að því markmiði sínu að bæta búsetuskilyrði og efla byggð í Eyjafirði og Þingeyjarsýslum. Beinn atvinnurekstur KEA heyrir sögunni til en fjárhagslegur styrkur gerir rödd félagsins sterka.

FRÉTTASKÝRING
KAUPFÉLAG EYFIRÐINGAKRISTJÁN J. KRISTJÁNSSON
BLAÐAMAÐUR

Sumarið 1886 kom hópur manna saman á Grund í Eyjafirði í því augnamiði að stofna Pöntunarfélag Eyjafjarðar og hálfu ári síðar var nafni félagsins breytt í Kaupfélag Eyfirðinga. Lungann úr síðustu öld var KEA stórveldi í íslensku viðskiptalífi og hentu ýmsir að því gaman að KEA ætti allt á Akureyri, nema Akureyrarkirkju. Vissulega átti KEA ekki kirkjuna en lagði þó drjúgan skerf til byggingar hennar.

Starfsemi kaupfélaga, hringinn í kringum landið, þandist út þegar líða tók á síðustu öld og var KEA eitt helsta flaggskip Sambands íslenskra samvinnufélaga Félagið kom ekki einungis að verslun með varning af öllum toga heldur var Kaupfélag Eyfirðinga umsvifamikill í iðnaði, úrvinnslu landbúnaðar-afurða, útgerð og fiskvinnslu.

Verulega tók að halla undan fæti

hjá kaupfélögunum á síðustu tveimur áratugum 20. aldarinnar. Kaupfélögunum tókst ekki að laga sig að nýrri hugsun í verslunarekstri, og viðskiptum almennt, og mörg þeirra fóru í þrot.

Árið 1998 voru rekstrartekjur Kaupfélags Eyfirðinga 10,6 milljarðar króna. Afskriftir ársins námu 725 milljónum króna og fjármagnsliðir voru neikvæðir um 660 milljónir. Tapið árið 1998 var 788 milljónir króna og heildar skuldir félagsins í árslok voru sléttir 10 milljarðar króna. Kaupfélag Eyfirðinga var ekki komið að fótum fram en ágjöf undanfarinna ára setti mark sitt á fjárhagslega burði félagsins og í árslok 1998 var eigið fé KEA 2,1 milljarður króna.

Undir lok síðustu aldar var stjórnendum Kaupfélags Eyfirðinga ljóst að umbylta þyrfti rekstri félagsins ef ekki ætti illa að fara. Þeim aðgerðum lauk 1. janúar 2002. Þá urðu vatnaskil í starfsemi KEA með stofnun fjárfestingafélagsins Kaldbaks. Eignarhlutur KEA í Kaldbaki var 71,6 prósent en félagið tók við öllum eignum, skuldum og skuldbindingum KEA.

Kaldbakur óx og dafnaði og í september 2004 seldi KEA allan eignarhlut sinn til Kaldbaks sjálfs. Í kjölfarið eignaðist Burðarás 77 prósent hlut í félaginu og var Kaldbakur leystur upp.

Sundlaug Garðabæjar var tekin í notkun árið 1990 og er eina almenningslaugin í Garðabæ. Arkitekt hennar er Mannfreð Vilhjálmsson. Sundlaugin skiptist í tvennt, þar sem annars vegar er 25 X 15 metra sundlaug með 5 brautum og er hún um 29.5 gráðu heit. Hins vegar er barnalaug sem er um 34 gráður en hún er 15 X 6,5 metrar. Í barnlauginni er sveppur og lítil rennibraut fyrir minnstu börnin. Í sundlauginni er stærri rennibraut á sérstöku leiksvæði sem hefur verið afmarkað. Tveir heitir pottar eru við lauginu auk eimbaðs og hvíldarrýmis á sundlaugarsvæðinu. Útiklefar eru fyrir bæði kyn þar sem einnig er hægt að liggja í sólbæði. Íþróttafulltrúi Garðabæjar, Gunnar Örn Erlingsson, ber ábyrgð á rekstri sundlaugarinnar.



DRAUMAHÚSIÐ MITT HALLDÓRA RUT BJARNADÓTTIR

Griðastaður í Hveragerði


„Draumahúsið mitt er lítið og sætt einbýlishús,“ segir sjónvarpskonan Halldóra Rut Bjarnadóttir spurð um draumahúsið sitt. „Ég sé fyrir mér timburhús, jafnvel bara sumarhúsið, í stórum garði. Mig langar að hafa stóran garð sem ég get skreytt með fallegum blómum og trjám og alls konar spennandi hlutum. Garð sem er heil veröld út af fyrir sig. Það væri til dæmis gaman að hafa sólskála í miðjum garðinum,“ segir Halldóra og á þá við notalega sólstofu í 19. aldar stíl. Þótt draumahúsið sé ekki fullmótað í huga Halldóru er staðsetningin allveg á hreinu. „Draumahúsið mitt er

í Hveragerði, hvergi annars staðar. Ég ólst upp í Hveragerði og vil búa þar. Þetta er svo litríkur og skemmtilegur bæ, fólkíð skemmtilegt og gott að vera þarna.“ Halldóra vill hafa heimilislegt í kringum sig og langar að eiga notalegt heimili. „Mig hefur líka alltaf langað til að hafa lítið gróðurhús við húsið mitt. Þar gæti ég ræktað vínber, jarðarber og alls konar grænmeti til að gæða mér á. Það væri algjör draumur.“

Halldóra Rut ætlar að hafa gróðurhús úti og rækta jarðarber og annað góðgæti.



SELDAR EIGNIR Á HÖFUÐBORGARSVÆÐINU*



*Þinglýstir kaupsamningar, heimild Fasteignamat ríkisins.



Vogaskóli stækkaður

Nýjasti hluti skólans rifinn til að rýma fyrir stærra húsnæði.

Byrjað er að rífa niður eina álmu í Vogaskóla til að mæta fjölgun nemenda í skólanum. Álman sem verður rifin var byggð um 1960 og er því yngsti hluti hans. Í staðinn fyrir þann hluta skólans sem verður rifinn kemur nýtt húsnæði á tveimur hæðum en auk þess verður byggt bílastæði í kjallaranum. Gripið er til þessa ráðs vegna þess að lóð skólans ber ekki fleiri viðbyggingar.

Nemendur í yngstu bekkjum skólans verða því að flytja sig um set og er búið að koma upp skólastofum í gömlu verslunarhúsnæði við Sólheima. Verður þar um að ræða nemendur í fimmta bekk og undir. Þar að auki verður komið upp litlum húsum á lóð skólans með fleiri kennslustofum. Áætlað er að hefja kennslu í nýja húsnæðinu undir árslok 2006. ■

SPURNING VIKUNNAR á fasteignavef Vísis

Áttu samskipti við nágranna þína?

SPURNING SÍÐUSTU VIKU: Skiptir útsýni máli við val á fasteign?

Miklu	65,62%
Litlu	23,75%
Engu	10,62%

Ný verslun í Grafarholti

Opið
alla daga til 19

Opnunartími

OPIÐ VIRKA DAGA	LAUGARDAGA
8-19	9 - 19
	SUNNUDAGA
	10 - 19

Verið velkomin

Ein glæsilegasta timbursala landsins er í verslun okkar í Grafarholti. Þar er opið alla daga vikunnar til 19.

Komdu til okkar, keyrðu bílinn inn og fáðu timbur í snyrtilegu og þægilegu umhverfi.

blómaval
heillandi heimur



HÚSASMÍÐJAN
...ekkert mál

Ertu lurðaður, Stefán Jón?

UMRÆÐAN
BORGARSTJÓRNARMÁL



JÓNAS BJARNASON
EFNAVERKFRÆÐINGUR

Stefán, af hverju getur þú ekki hótað eins og Alfreð? Góðir stjórnáamenn taka áhættu á réttu augnabliki. Svo ætla þær flokksystur þínar að etja ykkur Degi saman í prófkjöri svo Steinunn sigri.

Þeir sem eru ekki innvígðir í Samfylkinguna átta sig ekki á því hvers vegna Stefán Jón Hafstein mættir andófi í eigin röðum. Ræturnar liggja greinilega djúpt undir. Fyrir nokkrum árum var hann þáttastjóri „Þjóðarsálarinnar“ og svo virtist sem pólitíkin lægi fyrir fótum hans enda glæsilegur stjórnáamendur í uppsiglingu. Svo kom Akureyrardvöl og blaðamennska; eitt sinn tjáði hann sig óvarlega um Ingibjörgu Sólrúnu; hann sagði að grunnt væri á gribbunni. Blaðamennska á Akureyri var enginn hefðarpóstur eða hár söðull. En R-listabrallið er leðjulaugur og ekki er ljóst hver kemur út úr honum uppstandandi. Sem borgarfulltrúi varð hann að gleypa margt með bros á vör. Þegar Þórólfur borgarstjóri varð að yfirgefa stólinn þá virtist sem tími Stefáns væri kominn. Makkið dreifðist yfir síður blaðanna og

ljósvakamiðlanna. Hver skyldi verða borgarstjóri? Stefán sagði lítið alvarlegur á svip og Dagur B. var undir pressu. Svo komu tíðindin, Steinunn Valdís skyldi verða borgarstjóri; hún tók því brosandir og upp með sér; Stefán Jón varð að segja í sjónvarpi að hún væri góður kostur. Sögur spunnust um að Alfreð Þorsteinsson hefði enn einu sinni verið með hótanir um slit, hvað annað. Þeir í Framsókn höfðu víst lítinn áhuga á að ala upp nýjan foringja, sem gæti verið skeinuhættur. Alfreð hefur beinlínis lifað á hótunum og stundað viðvarandi sukk í OR, gullmola Reykjavíkinga, óáreittur. Fyrst var sóað 5-6 milljörðum í fjarskiptamál, sem engu skilaði. Svo byggði OR allt of dýrt húsnæði fyrir ca. 2 milljarða umfram þarfir. Og ekki nóg með það, nú er það ljósleiðarinn, sem á að koma á öll heimili í Reykjavík, 40 þúsund, en þegar hafa 2 þúsund fengið hann fyrir ofurkostnað; það er ljóst að margfalda verður áætlun OR um 8 milljarða kostnað með þremur; Akranesstuðullinn er fenginn með útbodum þar og á Sel-tjarnarnesi, en þau voru þrisvar sinnum hærri en áætlun OR; Alfreð hefur þegar skrifað undir framan við myndavélar! Svo hefur hann framið pólitísk hryðjuverk gagnvart Reykjavíkum og skrifað

að undir 381 megavött (stærri en Búrfellsvirkjun) til stóriðju án þess að spyrja íbúana, talar svo um atvinnu á svæðinu eins og atvinnu-fulltrúi í Skilmannahreppi. Jú, svo sást hann í sjónvarpi skrifa undir ljósleiðara í öll heimili í borginni, enn eitt sukkið. Við hvern? Vita-skuld Steinunni Valdís, á fljúgandi ferðinni að mala Stefán Jón í kosningum. Hverju verður næst lofað upp í ermina á Alfreð? – Ríkarður III. kallaði örvæntingarfullur: „Konungdæmi mitt fyrir hest.“ – Það er ekki nema brot af fólk í Reykjavík, sem hefur not fyrir ljósleiðara og það er glapræði að vera með ótímabærar og ábyrgðarlausar undirskriftir. Síminn á víða tóm plaströr í jörðu til að draga ljósleiðara í ef þörf krefur. Alfreð er örvæntingarfullur og Steinunn í borgarstjórslag og sjentilmaðurinn Stefán Jón er ósýnilegur. Svo reisir borgarstjóri til Ameríku í sebrakjól og veiðir fysta laxinn í Elliðaánum, já, og hjólar með Eggerti Skúlasyni. Þessi glíma stendur ekki um málefni, hún er valdabrásk og Stefán Jón verður að taka þátt.

Og ekki nóg með það. Nýlega komst Heimir Már Pétursson í sjónvarp og mælti fyrir Steinunni og minnst ekki á Stefán Jón. Og Guðrún Ögmundsdóttir fór geyst á

útvarpi Sögu og sagði að skipulagsmálin skiptu öllu máli, í öllu, og minnst á Listasafnið sem afrek og Laugavegur væri í góðum málum; hún hafði skoðað það sjálf! Hildur Helga Sigurðardóttir þáttarstjóri sagði að miðborgin væri bara fyrir fyllibyttur og alþingismenn. „Já, já,“ sagði Guðrún; þau mál eru í góðu lagi sbr. Listasafnið og það sem Dagur B. hefur verið að gera og svo væri Steinunn Valdís komandi borgarstjóri. Dagur virðist besti drengur og með sífelldar vangaveltur, allt á að skoða og hlusta á alla, óræð og dýr gúmmípólitík. Auðvitað kemst hann ekkert án peninga, en hann er ekki í aðstöðu til að taka á Alfreð, sem sóar 10 milljörðum. Og Stefán Jón lendir í pressunni fyrir að hafa niðst á starfsfólki gæsluvalla; alveg herfilegt, en engu máli skiptir hvað gerðist því búið er að krotta þetta á hann. Þótt hann hafi unnið vel að fræðslumálum þá klúðrar hann því á endasperttinum. Og bara krókódílar eru í kring um hann.

Stefán, af hverju getur þú ekki hótað eins og Alfreð? Góðir stjórnáamenn taka áhættu á réttu augnabliki. Svo ætla þær flokksystur þínar að etja ykkur Degi saman í prófkjöri svo Steinunn sigri. ■

GOTT FOLK MCGANN

ALLT & SUMT
Með Hallgrími Thorsteinssyni,
Helgu Völu Helgadóttur
og Helga Seljan.
Á Talstöðinni alla virka daga kl. 15.

!

90,9



Léttu þér
Lífið

Eumenia þvottavélar fyrir
sumarhúsið og lítil heimili



vilborg@centrum.is

EUMENIA

Eumenia vélar eru afar vandaðar og vel hannaðar. Þær henta allstaðar þar sem pláss er lítið og ekki er gerð krafa um mikla afkastagetu.

- EURONOVA 600
- 600 snú/min, þvæ 3 kg.
- 67,5 sm h. x 46 sm br. x 46 sm d.

Verð frá: kr. 52.125 stgr.

GJAFABRÉF

EIRVÍK

Suðurlandsbraut 20 - 108 Reykjavík
Sími 588 0200 - www.eirvik.is

Ert þú næsta Idol stjarna Íslands?
Skráning er hafin á Idol.is.

og
vodafone

Coca-Cola

E

HUNTER S. THOMPSON (1937-2005)
fæddist þennan dag.



„Ég mæli ekki með kynlífi, eiturlyfjum eða geðveiki fyrir hvern sem er, en það hefur ávallt reynst mér vel.“

Hunter S. Thompson var bandarískur blaðamaður og rithöfundur. Hann skrifaði lengi fyrir Rolling Stones tímaritið og kallaði sig Dr. Gonzo.

tímamót

timamot@frettabladid.is

PETTA GERÐIST

Lík Söru Payne finnst á akri

Þennan dag árið 2000 fannst lík hinnar átta ára gömlu Söru Payne á akri í Sussex-héraði í Englandi. Bóndi fann líkið aðeins tólf mílum frá þeim stað þáðan sem Sara hvarf, en hún hafði verið að leik með systkinum sínum nálægt heimili afa þeirra og ömmu. Söru hafði verið saknað í rúmar tvær vikur. Talið er að lík stúlkunnar hafi legið á akrinum í nokkurn tíma en ekki sáust sýnilegir áverkar á henni.

Tveimur dögum síðar fann lögreglan skó Söru í nálægu þorpi og 31. júlí var Roy Whiting, kunnur barnaniðingur, handtekinn en

hann hafði áður verið yfirheyrdur í tengslum við málið. Hann var ákærður fyrir morðið á Söru í febrúar 2001 og fundinn sekur um morð og mannrán í desember. Hann hlaut lífstíðardóm fyrir vikið. Whiting hafði árið 1995 hlotið fjögurra ára fangelsisdóm fyrir að ráðast á níu ára stúlku.



18. JÚLÍ 2000 Mikill fjöldi blóma var lagður á staðinn þar sem lík hinnar átta ára gömlu Söru Payne fannst.

Foreldrar stúlkunnar hófu að berjast fyrir svokölluðum „lögum Söru“ og vildu þau að almenn-ingur fengi aðgang að skráð lög-reglunnar yfir barnaniðinga.

MERKISATBURÐIR

- 64 f.kr. Eldarnir í Róm hefjast. Þegar þeir slokknuðu nærri viku síðar höfðu tveir þriðju hlutar Rómar brunnið til kaldra kola.
- 1925 Hitler gefur út bókina Mein Kampf.
- 1931 Framkvæmdir hefjast við verkamannabústaðina við Hringbraut, Bræðraborgarstíg og Ásvallagötu í Reykjavík.
- 1936 Borgarastyrjöld brýst út á Spáni.
- 1963 Stórbruni verður í verksmiðju Ísaga við Rauðarárstíg. Miklar sprengingar verða þegar eldur kemst í gashylki.
- 1984 Maður hefur skoðað á McDonalds-veitingastað í Kaliforníu. 21 lætur lífið.
- 1999 Stórhlaup verður í Jökulsá á Sólheimasandi. Þetta eru mestu umbrot í jöklinum í 44 ár.



Ástkær móðir okkar, tengdamóðir, amma og langamma,
Ásta Kristín Erlingsdóttir
grasalæknir,

lést þann 8. júlí síðastliðinn. Útför hennar verður frá Háteigskirkju þriðjudaginn 19. júlí kl. 11.

Börn, tengdabörn, barnabörn og langömmubörn.

Þeim sem vilja minnast hennar er bent á Hjartaheill og minningar-sjóð Landspítalans.

VILBORG DAGBJARTSDÓTTIR RITHÖFUNDUR OG SKÁLD ER 75 ÁRA

Hversdagsleikinn er mikilvægur

„Mér finnst alltaf hátíðlegt að eiga afmæli en samt er ég að komast á þann aldur að mér finnst hversdagurinn svo mikilvægur. Það er svo gaman að geta gert allt sem mann langar til. Ég er vel á mig komin, er alltaf að lesa einhverjar skemmtilegar bækur, ég er að semja ljóð, þýða og vinna að ritstörfum,“ segir Vilborg Dagbjartsdóttir rithöfundur, sem er 75 ára í dag.

„Mér hefur alltaf fundist 18. júlí mikill hátíðisdagur. Við vorum mörg í fjölskyldunni og ekki síður að gera mikið veður út af afmæli en það voru samt alltaf bakadur pönnukökur. Þá saumaði mamma fallegan kjól handa mér og það var gaman,“ segir Vilborg, sem ætlar ekki að halda sérstaklega upp á afmæli sitt núna heldur ætlar að vera heima með sinni nánustu fjölskyldu.

Vilborg hefur ekki setið iðju-



Í GARDINUM Vilborgu finnst 18. júlí mikill hátíðisdagur og ætlar að eyða honum með sinni nánustu fjölskyldu.



Ástkær faðir okkar, tengdafaðir, afi og langafi,
Jón Ragnar Jónsson
Fögrukinn 13, Hafnarfirði,

andaðist á St. Jóseppspítala, mánudaginn 11. júlí sl. Útförin fer fram frá Fríkirkjunni í Hafnarfirði í dag kl. 13.00.

Sólveig Jónsdóttir Sævar Gunnarsson
Guðfinna Jónsdóttir
Jenný Jónsdóttir
Jón Auðunn Jónsson Ólafía S. Guðjónsdóttir
barnabörn og barnabarnabörn.



Innilegt þakklæti til allra sem sýndu okkur samúð og vinarhug við fráfall og útför eiginmanns, föður, tengdafaður, afa og langafa,

Hjartar Jónssonar,

Brjánsstöðum, Grímsnesi.

Sonja G. Jónsdóttir
Sigurjón Á. Hjartarson
Guðrún H. Hjartardóttir
Jón S. Hjartarson
Fríða B. Hjartardóttir
Hjörtur Hjartarson
Sveinn Hjartarson
barnabörn og barnabarnabörn.

Björk Baldursdóttir
Jón P. Guðmundsson
Gerður H. Einarsdóttir
Ragnar M. Lárusson
Jóhanna K. Bjarnardóttir

Fróðleikur af gardur.is



Fyrsta forstöðukona Kvennaskólans í Reykjavík:

Þóra Melsteð

Þóra Grímsdóttir var fædd 18. des. 1823 í Skelskær, Sjúlandi, dóttir Gríms Jónss. bæjarfógeta, síðar amtmanns, og k.h. Birgitte C. Breum. Var á Möðruvöllum í Hörgárdal frá 1.-10. árs, nam trúarefni, hannyrðir, teikningu o.fl. af móður sinni. Í Middelbart 1832-42 lærði hún frönsku, þýzku og ensku. Við nám í Khöfn 1842-46. Kom 1847 til föður síns sem var

hrópaður af í norðurreið bænda 1848. Eftir lát hans 1849 var hún 10 ár hjá föðursystur sinni Ingibjörgu, móður Gríms Thomsens, á Bessastöðum. Ágústa systir hennar hélt merkan skóla fyrir 20-30 stúlkur í Dillonshúsi 1851-54. Þóra kenndi þar frá 1852. Giftist 1859 Páli Melsteð sagnfræðingi (1812-1910). 1874 öfluðu þau fylgis og fjár til að stofna Kvennaskólann í Rvík á heimili þeirra Thorvaldsensstræti 2. Þóra heklaði marglitt gólfteppi, seldi happdrættismiða, og varð það undirstaða styrktarsjóds. 1878 var byggt hús á grunni hins gamla, en nýtt skólahús við Fríkirkjuveg 1909. Síðasta skólastjórnarar Þóru, 1905-6, stundugu 56 stúlkur þar nám. Hlaut verðleikagullpening konungs. Stofnaði með Páli öflugan sjóð með meginhluta eigna þeirra til að styrkja námsstúlkur. Lézt á 96. ári 21. apríl 1919. Hún var fríð kona, fingerð og trúuð, styrkur stjórnandi, þó ekki ströng, og vann í anda vakningar um menntun kvenna. Átti hún ekki börn með manni sínum, en leit á námsmeijarnar sem dætur sínar.

Meira um hana á gardur.is



Hægt er að setja inn ævidrög látinna Íslendinga með því að hringja í síma 585 2700 eða á gardur.is.



Elskulegur bróðir okkar, mágur og kær vinur,

Kristján Hólm Loftsson

frá Bólstað,

lést á Landspítala - háskólasjúkrahúsi í Fossvogi föstudaginn 8. júlí sl. Jarðarförin fer fram frá Drangsneskappelli fimmtudaginn 21. júlí kl. 14.00.

Ása Loftsdóttir
Lovísa Loftsdóttir
Fjola Loftsdóttir
Sigrún Loftsdóttir
Björg Loftsdóttir
Ingimunda Loftsdóttir
Fanneý Jónsdóttir

Lára Loftsdóttir
Einar Einarsson
Ragnheiður Loftsdóttir
Jón Traustason
Sveinn Þórðarson
Jón Garðar Ágústsson

Sigrún Elíasdóttir
Þráinn Elíasson
Jón Hörður Elíasson
Hugrún Elíasdóttir
Ragnhildur Elíasdóttir

Bjarni Skarphéðinsson
Guðbjörg Gestsdóttir
Jenny Jensdóttir
Johnny Símonarson
Tryggvi Ólafsson

laus í sumar enda fer hún ávallt snemma á fætur. „Við fórum bekkurinn minn úr Kennaraskól-anum sem útskrifaðist 1952 í ferðalag, að vísu ekki langt. Við heimsóttum bekkjarfélagi í sumarbústöðum í kringum Reykjavík og áttum alveg óskaplega skemmtilegan dag,“ segir Vilborg sem skellti sér einnig í Jóns-messuferð með SÍBS um Breiðafjörð. „Ég sá Örn á kletti og Óssu á hreiðri,“ segir Vilborg glaðlega.

Vilborg er alltaf að semja og er með mörg ljóð í smíðum. Hún segir stangast á að semja ljóð í frjálsu formi eins og hún gerir og að yrkja rímað og stuðlað. Hún man þó eftir því í sínu ungðæmi að síður var að botna stökur. Eitt sinn var hún að vaska upp heima í Hjalla, þá rúmlega tvítug, þegar kastað var að henni fyrri parti sem hljóðaði svo:

Eina stund í Edinslundi /
okkar fundi saman bar.

Vilborg var fljót til og samdi tvo seinni parta:

Hverju sprundi held ég mundi /
hafa fundist gaman þar.

Tætt það sprund af trega stundi /
tára dundu perlurnar.

Tilkynningar um merkisatburði, stórafmæli, andlát og jarðarfari í smáretursdálkinn hér að ofan má senda á netfangið timamot@frettabladid.is.

LEGSTEINAR

S.HELGASON
Skemmuvegi 48
S: 557 6677
www.steinsmidjan.is



BRÚÐKAUP

Pann 18. júní voru gefin saman í hjónaband Elva Íshólm Ólafsdóttir og Halldór Halldórsson af séra Gunnari Björnssyni í Selfosskirkju. Heimili brúðhjónanna er á Selfossi.

ANDLÁT

Halldór Skúli Víðarsson, lést laugardaginn 2. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey.

Ásdís Pálsdóttir, Hraunvangi 7, Hafnarfirði, áður að Jöldugróf 17, andaðist á Hrafnistu 9. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey.

Ingólfur Þormóðsson, dvalarheimilinu Hlíð, Akureyri, lést laugardaginn 9. júlí.

Jósef Björgvin Einvarðsson, Vesturgötu 64, Akranesi, lést mánudaginn 11. júlí. Útförin fór fram í kyrrþey.

JARÐARFARIR

13.00 **Jón Ragnar Jónsson**, Fögurkinn 13, Hafnarfirði, verður jarðsunninn frá Frikirkjunni í Hafnarfirði.

13.30 **Stefán Jóhannsson**, Brekkutröð 1, Eyjafjarðasveit, verður jarðsunninn frá Akureyrarkirkju.

15.00 **Ágústa Steinunn Ágústsdóttir Ward**, Stóragarði 20, Reykjavík, verður jarðsunninn frá Dómkirkjunni.

AFMÆLI

Herdís Egilsdóttir rithöfundur er 71 ára.



Brynjólfur Bjarnason forstjóri Símans er 59 ára.



Eggert Þorleifsson leikari er 53 ára.



Jóhannes Kristjánsson skemmtikraftur er 50 ára.



Sigurvin Ólafsson knattspyrnumaður er 29 ára.



TÖLVULISTINN

DVD SKRIFARI

ATI RADEON TECHNOLOGY

15.4" WIDE SCREEN

1.8GHz³⁰⁰⁰⁺

ACER ASPIRE 3023WLMi

119.900

VAXTALAUST KRÓNUR 9.992 Í 12 MÁNUÐI

VL12
Samtalskr. 124.114
9.992

Örgjörvi 1.8GHz Sempron Mobile 3000+ AMD Power Now og HyperTransport tækni
Vinnsluminni 512MB DDR, 333MHz Einfalt að stækka minnið
Harðdiskur 80 GB Ultra ATA100 4200RPM hraður og hljóðlátur
Skrifari DVD±RW Dual Layer skrifari
Skjár 15,4" WXGA WideScreen skjár
Skjákerfi Breiðhráðsskjár með CrystalBrite
Hátalarar Hljóðkerfi með 2 hátölurum
Netkort Gigabit 10/100/1000
Stýrikerfi Einnig innbyggt 56k mótald Windows XP Home - SP2 Á íslensku eða ensku
Tengi 4xUSB2, Firewire, VGA o.fl.
Annað Öll helstu tengi 6 in 1 minnis-kortalesari Innbyggður kortalesari fyrir flest kort

HYPER TRANSPORT AMD Sempron er ný kynslóð örgjörva með HyperTransport tækni og hraðari gagnabrotur

DVD +/- SKRIFARI Vandaður DVD Dual Layer geislaskrifari sem les og skrifar DVD og venjulega geisladiska

TENGINGAR Acer Aspire tölvun kemur með öllum helstu tengjum 4xUSB 2.0, VGA, firewire, PCMCIA, TV-út o.fl.

15.4" CRYSTALBRITE 15,4" Widescreen skjár með nýrri CrystalBrite tækni sem skilar ótrúlegri dýpt og skerpu

RADEON X700 Eitt nýjasta skjákerfi frá ATI sem gengur á PCI-Express sem skilar sér í meiri afkastagetu og flottari grafík

MOBILE TÆKNI Acer Aspire fartölvun er 3,1Kg og með AMD mobile tækninni endist rafhlöðan í allt að 3 tíma

BRÚÐ FRIÐRÁÐA LUM BRETTINGAR AMVAÐRENGI OG FRIÐTILFUR

Vaxtalaust tilboð er miðað við 12 mánaða jafnar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 3.5% stimpil og lántökugjald bætist við heildarupphæðina sem verður þá samtals kr. 124.114 og dreifist jafnt yfir samningstímann.

TÖLVULISTINN

SÉRVERSLUN MEÐ TÖLVUBÚNAÐ Í 11 ÁR

REYKJAVÍK
Nóatúni 17
Sími 562 6730

AKUREYRI
Glerárgötu 36
Sími 464 7400

KEFLAVÍK
Hafnargötu 90
Sími 534 7400

RENAULT

Vönduð frönsk hönnun
Einstök þægindi
Fallegir litir

5 stjörnu NCAP öryggi
Einstaklega sparneytinn
Hlaðinn staðalbúnaði
3 ára ábyrgð

Þú eignast hann fyrir
kr. 1.870.000
Bílasamningur / Bílalán
kr. 19.500 á mánuði*

B&L Grjóthálsi 1 575 1200 www.bl.is

6,8 ltr/100km

Með bílinn handa þér

MEST SELDI BÍLL EVRÓPU

Renault Megane II, 5 dyra, 1600 / 16V, 115 hestöfl, beinskiptar. Eldsneytisnotkun í ölönduðum akstri 6,8 ltr/100km. Mánaðargreiðslur miðast við bílasamning Lýsingar til 84 mánaða og 30% útborgun. Aukahlutir á mynd: álfelgur



Strákarnir unnu riðilinn

Íslensku drengirnir í landsliði skipuðu leikmönnum 18 ára og yngri unnu sinn riðil á Evrópu meistaramótinu í körfubolta sem fer fram í Slóvakíu. Ísland er þar með komið í milliriðil og gangi þeim vel þar tryggja þeir sér sæti í undanúrslitum. Næsti leikur liðsins er á morgun.

sport
sport@frettabladid.is

ÓLAFUR JÓHANNESSON: EKKI HÆGT AÐ HORFA FRAM HJÁ GÓÐRI FRAMMISTÖÐU FH Í SUMAR

Vill sjá fleiri leikmenn FH í landsliðinu

Framganga FH í Landsbankadeild karla í sumar hefur vakið verðskuldaða athygli, en liðið hefur unnið alla tíu deildarleiki sína.

Ólafur Jóhannesson, þjálfari FH, segir nokkra leikmenn liðsins eiga skilið að fá sæti í landsliði Íslands og vonast til þess að landsliðsþjálfararnir horfi ekki framhjá frammistöðu þeirra í sumar. „Mér finnst nokkrir leikmenn eiga skilið að vera valdir. Ég get nefnt sérstaklega Daða Lárusson markmann og Guðmund Sævarsson, sem valinn var í fyrra en fékk einhverja hluta vegna ekki möguleika á að spila fyrir lands-

liðið. Þeir hafa ekki verið að spila síður vel í sumar en í fyrra, og hafa sýnt það og sannað að þeir geta vel spilað fyrir íslenska landsliðið.“

Val á landsliðshóp hefur oft verið gagnrýnt. Sérstaklega hafa knattspyrnuáhugamenn stundum furðað sig á því að leikmenn sem spila hér á landi eigi varla möguleika á því að komast í liðið. „Það er nú ekki ég sem vel liðið, en mér finnst það ekkert óeðlilegt að skoða leikmenn

hér á landi alveg eins og erlendis. Landsliðsþjálfararnir hafa verið að velja leikmenn sem leika hér á landi að undanförunu, til dæmis Auðun Helgason og Tryggva Guðmundsson. Það er gott fyrir íslenska knattspyrnu að leikmenn finni fyrir því að með þeim sé fylgst. Vonandi komast fleiri leikmenn FH í landsliðið, því það yrði sanngjörn viðurkenning á því starfi sem við höfum verið að vinna að undanförunu.“

Næstu verkefni landsliðsins eru leikir gegn landsliðum Búlgaríu og Króatíu, en þeir fara fram þriðja og sjötta september.




> Við vorkennum ...

... stangarstökkvaranum Þóreyju Eddu Elisdóttur, sem þarf að lífa við það að eiga keppinaut sem heitir Jelena Isinbajeva og gerir fátt annað en að slá heimsmetið í greininni. Fyrir vikið verður Þórey Edda alltaf í öðru sæti eða neðar, rétt eins og í Madríd um helgina þegar hún stökk 4,45 metra og fylgdist með Isinbajevu stökkva 4,95 og bæta heimsmetið í enn eitt skiptið.



> Við hrósum ...

... Atla Eðvaldssyni, sem náð hefur að blása nýju lífi í lið Þróttar. Liðið hefur haldið hreinu í báðum leikjunum undir hans stjórn, hlotið fjögur stig af sex mögulegum og er fyrir vikið komið upp í 7. sæti



KR valtaði yfir slakt lið Fram

KR-ingar hristu af sér slenið í fallbaráttuslag gegn Frömurum í gær. Grétar Ólafur Hjartason skoraði tvö mörk í 4-0 sigri KR en leikmenn liðsins höfðu í hinum tíu leikjum sumarsins skorað samtals níu mörk. Hörð fallbarátta blasir nú við liði Fram sem fyrr.

0-4
Fram KR
Laugd.völlur, áhorf: 1070 Ólafur Ragnarsson (6)

- 0-1 Grétar Ólafur Hjartason (32.)
- 0-2 Rógvi Jacobsen (48.)
- 0-3 Grétar Ólafur Hjartason (77.)
- 0-4 Sigurvin Ólafsson (79.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	6-9 (3-6)
Varin skot	Gunnar 2 - Kristján 3
Horn	3-4
Aukaspjrnur fengnar	11-6
Rangstöður	5-4

FÓTBOLTI Þjálfarar beggja liða ákváðu að breyta um leikkerfi frá fyrri leikjum og spiluðu með fjóra í vörn, fjóra á miðjunni og tvo frammi, í stað þess að vera með fjóra í vörn, þrjá á miðjunni og þrjá frammi. Þetta hafði lítil áhrif á leikinn til þess að byrja með. Bæði lið voru varkár og reyndu að ná upp spili á miðjunni en komust lítt áfram og því varð úr miðjuþóf fyrstu fimmtán mínútur leiksins.

Um miðjan fyrri hálfleik fór að rigna og áttu leikmenn beggja liða í stökustu vandræðum með að fóta sig á hálum vellinum. KR náði síðan ágætis tókum á leiknum. Rógvi Jacobsen brenndi af í dauðafæri eftir að Sigurvin Ólafsson hafði skallað boltann fyrir markið frá hægri og Sigmundur Kristjánsson átti ágætt skot sem fór yfir markið. Grétar Hjartason skoraði svo fallett mark eftir að hafa fengið boltann vinstra megin fyrir utan teiginn. Hann lyfti knettinum framhjá Eggerti Stefánssyni og þrumaði boltanum í netið. Vel gert hjá Grétari og

staðan því orðin 1-0 KR í vil. Leikmenn Fram áttu í töluverðum erfiðleikum með að byggja upp spil í fyrri hálfleik og virtust stundum ekki vita almennilega hvernig þeir ættu að leysa úr auðveldustu aðstæðum.

Fram setti ágæta pressu á KR fyrstu mínútur síðari hálfleiks og fékk Bo Hendriksen ágætt færi sem Kristján átti auðvelt með að verja. Sigmundur Kristjánsson sendi glæsilega fyrir markið eftir hraða sókn KR, og þar fékk Rógvi Jacobsen boltann og kláraði færið vel. Mótlætið fór í skapið á leikmönnum Fram og fékk Bo Hendriksen, sem var að spila sinn fyrsta leik fyrir félagið, að líta rauða spjaldið fyrir að slá til Tryggva Bjarnasonar. Eftir þetta atvik var KR miklu betra liðið, enda manni fleiri. Grétar Hjartason bætti við sínu öðru marki í leiknum eftir að Rógvi Jacobsen hafði stolið boltanum af Gunnari Gunnarssyni, sem var alltof lengi að athafna sig. Sigurvin Ólafsson skoraði síðan glæsilegt mark með þrumuskoti af þrjátíu metra færi.

Flestir leikmenn KR léku vel í gærkvöldi en enginn þó betur en Grétar Ólafur Hjartason sem lék sinn besta leik í sumar. Leikmenn Fram virðast ekki ná nógu vel saman inni á vellinum. Sóknarleikurinn er hugmyndafrætt og kantspilið ekki nægilega gott. Leikmenn liðsins þurfa að taka sig á ef liðið ætlar að halda sér uppi í efstu deild.

Ríkharður Daðason var þungur á brún í leikslok. „Eftir þetta er hver leikur úrslitaleikur hjá okkur. Við náðum ekki að koma okkur almennilega inn í leikinn en

GRÉTAR SKORAÐI TVÖ
Grétar Ólafur Hjartason skoraði tvö mörk í 4-0 sigri KR á Fram í gær.
FRÉTTABLAÐIÐ/HARI

FRAM 4-4-2	KR 4-4-2
Gunnar Sig. 5	Kristján 6
Gunnar Þór 4	Kristinn 5
Þórhallur Dan 5	Tryggvi 5
Eggert 4	Sölvi 5
(67. Ómar) 5	Gestur 6
Ingvar 3	Sigurvin 7
Viðar 4	Ágúst 7
Mathiesen 5	(84. Jökull) -
Nórholt 6	Bjarnólfur 7
(74. Viðir) -	Sigmundur 7
Heiðar Geir 4	(85. Sölvi) -
(62. Ivar) 5	Rógvi 6
Henriksen 3	*Grétar 8
Ríkharður 5	(82. Gunnar) -

*MADUR LEIKSINS

vorum þó að sýna þokkalegt spil inn á milli. En rauða spjaldið var ofyrirgefnalegt og kom á versta tíma fyrir okkur. Eftir það voru leikmenn KR miklu betri.“

Magnús Gylfason var ánægður eftir leikinn. „Ég var ánægður

með mína menn í dag. Sérstaklega var mikilvægt að fá menn til baka úr meiðslum sem léku vel í dag. Ágúst og Bjarnólfur náðu vel saman á miðjunni og vonandi getum við byggt á þessum góðu úrslitum.“
magnush@frettabladid.is

Þróttarar eru komnir upp í sjöunda sæti Landsbankadeildarinnar:

Atli stýrir Þrótturum á rétta braut

0-1
Fylkir Þróttur
Fylkisvöllur, áhorf: 910 Erlendur Eiríkss. (7)

0-1 Ólafur Tryggvason (71.)

TÖLFRÆÐIN

Skot (á mark)	15-8 (8-3)
Varin skot	Bjarni 2 - Fjalari 8
Horn	6-5
Aukaspjrnur fengnar	7-14
Rangstöður	1-0

FÓTBOLTI Það má með sanni segja að Atli Eðvaldsson hafi blásið nýju lífi í lið Þróttar eftir að hafa verið við stjórnvölinn hjá liðinu í aðeins rúma viku. Liðið hefur fengið allt annað yfirbragð og hefur fyrir vikið lyft sér úr botnsæti deildarinnar og upp í það sjöunda.

Fyrsti hálf tíminn í leiknum gegn Fylki í gær var svo gott sem tíðindalaus fyrir utan að Gylfi Þór Orrason, dómari leiksins þurfti að yfirgefa leikvöllinn vegna meiðsla.

Byrjunin á síðari hálfleik var keimlík þeim fyrri en ekkert markvert gerðist fyrr en Viktor Bjarki komst í gott færi um miðjan fyrri hálfleik en slakt skot hans var varið af Fjalari í markiinu. Strax í næstu sókn kom markið sem skildi liðin að. Þar var að verki varamaðurinn Ólafur Tryggvason eftir góðan undirbúning Þórarins Kristjánssonar.

Það var ljóst frá byrjun að gestirnir væru komnir með því hugarfari að ná minnsta kosti einu stigi. Liðið varðist skipulega á sínum vallarhelmingi en þegar kom að því að sækja þá skorti liðið oft á tíðum hugmyndaflug þeg-

ar framherjar þess fengu loks úr einhverju að móða. Til marks um skort á hugmyndaflugi þá náðu Þróttarar ekki einu skoti allan fyrri hálfleikinn. En stigin þrjú voru Þróttara og það hafðist með skipulögðum varnarleik. - gjj

FYLKIR 4-3-3	ÞRÓTTUR 4-3-3
Bjarni Þórður 5	*Fjalari 8
Gunnar Þór 5	Ingvi 6
Helgi Valur 6	Páll 7
Valur Fannar 6	Eysteinn 7
Ragnar 7	Freyr 6
Guðni Rúnar 6	Daniel 5
Tranberg 5	(54. Guðfinnur) 6
(74. Jón Björgvin) -	Hallur 6
Hrafnkell 5	Haukur Páll 6
(56. Eyjólfur) 5	Halldór 6
Christiansen 5	Þórarinn 5
(66. Kjartan) 5	(83. Erlingur) -
Björgólfur 6	Magnús Már 3
Viktor Bjarki 6	(66. Ólafur) 6

*MADUR LEIKSINS

LEIKIR GÆRDAGSINS

Landsbankadeild karla:
FRAM-KR 0-4
FYLKIR-ÞRÓTTUR 0-1

STAÐAN:

FH	10	10	0	0	28-5	30
VALUR	10	8	0	2	21-5	24
FYLKIR	11	5	2	4	20-16	17
KEFLAVÍK	10	4	3	3	16-21	15
ÍA	10	4	2	4	9-11	14
KR	11	4	1	6	13-16	13
ÞRÓTTUR	11	2	3	6	12-17	9
GRINDAVÍK	10	2	3	5	10-17	9
ÍBV	10	3	0	7	8-21	9
FRAM	11	2	2	7	10-18	8

MARKAH/ESTIR:

TRYGGVI GUÐMUNDSSON, FH	9
ALLAN BORGWARDT, FH	8
MATTHÍAS GUÐMUNDSSON, VALUR	7
BJÖRGÓLFUR TAKEFUSA, FYLKI	5
GUÐMUNDUR STEINARSS., KEFLAVÍK	5
HRAFNKELL HELGASON, FYLKI	4
HÖRÐUR SVEINSSON, KEFLAVÍK	4
SINISA KEKIC, GRINDAVÍK	4

*Tryggvi Guðmundsson hefur leikið einum leik í ættinni hjá sínu félagi Allan Borgwardt.

LANDSBANKAÐEILDIN



Alvöru mulningsvél

Medion gæði
á lægra verði!

19"
FLATUR SKJÁR

**BATTLEFIELD 2
CERTIFIED**

MEDION® XXL

913215
MEDION V6 550 XXL3

- Intel Pentium 550 (3.4 GHz, 1MB, FSB800)
- MSI Intel i915P 800FSB Dual DDR
- nVidia GeForce 6610 XXL 128MB DDR3 800MHz
- GPU 400MHz, DVI-I, VGA (D-sub)
- 512MB DDR 400MHz Dual
- Western Digital 250GB 7200rpm 8MB
- DVD-ROM • Pioneer 16X DVD Skrifari
- Þráðlaust netkort 54Mbps
- Bluetooth • IEEE1394/Firewire
- Sjónvarpskort og fjarstýring
- Medion Media Bay

POWERED BY **DDR MEMORY**

DVD R/RW

FireWire

Bluetooth

5.128*

*Þú velur
greiðsluform
sem hentar*

5.128*
Tölvukaupalán 48 mán.

14.999**
Vaxtalaust 12 mán.

179.988
Staðgreitt



FYLGIR

*Enn öflugra
skjákort!*

**GeForce
6610 XXL**

Enn hraðvirkara kort í 6600 seríunni frá nVidia. Öll nýjasta tækni s.s. Direct X 9.0, PureVideo™, PCI-Express, CineFX 3.0, UltraShadow II o.fl. tryggir þér bestu spilun í nýjstu leikjunum

Vertu flottastur í skólanum

MEDION C8

- MD95281
MEDION C8 CLAWHAMMER2 TV
- AMD Athlon™ 64 processor 3000+ - with PowerNow! Technology
 - 17" WIDE-XGA TFT (1440x900)
 - ATI® MOBILITY™ RADEON™ 9700 128MB DDR VIDEO
 - 512 MB DDRAM 333MHz
 - 80 GB harður diskur
 - DVD skrifari
 - Wi-Fi® Wireless (802.11g)
 - Tv tuner, Subwoofer og innbyggð netmyndavél
 - 3x USB 2.0 & 1x 1394 FIREWIRE
 - Microsoft® Windows® XP Home Edition
 - Microsoft® Works 8.0
 - Nero Recode skrifarahugbúnaður
 - Nero 6 skrifarahugbúnaður
 - CA Antivirus 3 mánuðir



*Innbyggð
netmyndavél!*

17"

**BATTLEFIELD 2
CERTIFIED**

FYLGIR

17"

**17" flatskjár
fylgir öllum Medion
fartölvum þessa vikuna**

**FIRSTA
1 SEPT.
GREIÐSLA**

5.137*
Tölvukaupalán 48 mán.

14.999**
Vaxtalaust 12 mán.

179.988
Staðgreitt

5.137*

*Meðalmánaðargreiðsla á 48 mánaða tölvukaupaláni VÍS. Umsóknin er afgreidd á staðnum á innan við mínútu.
**Miðað við jafnar vaxtalaugar greiðslur á Visa eða Mastercard skuldabréf. 0,5% stimpilgjald bætist við samningsfjárhæðina og greiðist með jöfnum greiðslum yfir samningstímann.



BT

*Afhverju??
að leigja þegar það
er ódýrara að eiga!*

899
Hver mynd

Breytingar hjá Arsenal:

Henry verður fyrirliði

FÓTBOLTI Það verður franskur sóknarmaðurinn Thierry Henry sem mun taka við fyrirliðabandinu af lands sínum Patrick Vieira, en eins og kunnugt er gekk hann í raðir Juventus í síðustu viku.

Val Arsene Wenger, stjóra Arsenal, á Henry kemur ekki á óvart þar sem Henry hafði oftast verið fyrirliði liðsins í fjarveru Vieira á síðustu árum. Henry hefur verið hjá félaginu í sex ár og er einn af leikreyndustu leikmönnum liðsins. Hann þreytti frumraun sína sem fyrirliði í æfingaleik gegn Barnet um helgina og stóð sig vel.



TRYGGJUM ÖLLUM HLUTVERK!

Samtök um vinnu- og verkþjálfun


Er mataræðið óreglulegt?

LGG+ er fyrirbyggjandi vörn!



Skyndibitaæði, sætindi, óreglulegar máltíðir - allt þetta dregur úr innri styrk, veldur þróttleysi, kemur meltingunni úr lagi og stuðlar að vanlíðan. Regluleg neysla LGG+ vinnur gegn þessum áhrifum og flýttir fyrir því að jafnvægi náist á ný.

www.ms.is



TIGER WOODS MEÐ BIKARINN FRÆGA Sigur Tiger Woods á Opna breska meistaramótinu er tíundi sigur hans á stórmóti á ferlinum, en hann er aðeins tuttugu og níu ára gamall. NORDIC PHOTOS/GETTY

Algerir yfirburðir Tigers

Tiger Woods sannaði á Opna breska meistarmótinu í golfi um helgina að það er enginn kylfingur með tærnar þar sem hann hefur hælana. Þetta var annar sigur Woods á stórmóti á þessu ári.

GOLF Bandaríski kylfingurinn Tiger Woods sigraði á Opna breska meistaramótinu í golfi sem haldið var á St. Andrews-vellinum í Skotlandi, en því lauk í gær.

Woods hafði forystu á mótinu frá byrjun, en Skotinn Colin Montgomerie og Spánverjinn José Olazabal fylgdu honum eftir en náðu aldrei að ögna stöðu hans að neinu marki.

Þetta er annar sigur Woods á stórmóti á árinu, en hann sigraði einnig á Masters-mótinu í Bandaríkjunum í júní.

Woods var að vonum ánægður í mótslok. „Það er ánægjulegt að vinna hér á heimavelli golfsins. Að auki er það virkilega gaman að hafa unnið á mótinu þar sem mesti sigurvegari í sögu golfsins,

Jack Nicklaus, hætti keppni.“

Woods þakkaði einnig föður sínum sem fylgdist með mótinu frá Bandaríkjunum. „Ég á föður mínum mikið að þakka og ég get ekki annað en þakkað honum innilega fyrir stuðninginn.“

Enn bíður Montgomerie

Colin Montgomerie fylgdi Woods eftir lengst af móti, og var minnst tveimur höggum á eftir honum, en í lokin var munurinn orðin fimm högg. Woods endaði á fjórtán höggum undir pari en Montgomerie á níu undir, en þetta er í fjórða skiptið sem Montgomerie er í öðru sæti á stórmóti í golfi.

Nítján ára drengur frá Edinborg, Lloyd Saltman, vann áhuga-

mannaflokkinn með því að leika á fimm höggum undir pari, einu höggi minna en Eric Ramsay.

Tiger Woods var gagnrýndur á síðasta ári fyrir að breyta sveiflunni, en hann segir þær breytingar vera að skila sér á þessu ári. „Ég vil nú ekki segja neitt við þá sem hafa gagnrýnt mig fyrir sveifluna. Eg einfaldlega þarf þess ekki. Árangurinn talar sínu máli.“

Tiger Woods á nú aðeins eftir að vinna eitt mót til þess að komast upp að hlið Walter Hagen í öðru sæti á listann yfir sigursælustu kylfinga sögunnar. Jack Nicklaus er efstur á listanum, en hann vann átján sinnum á stórmóti á ferli sínum.

magnush@frettabladid.is

Undirbúningstímabil ensku liðanna komið á fullt:

Auðveldir sigrar hjá öllum stærstu liðunum

FÓTBOLTI Liðin í ensku úrvalsdeildinni er kominn á fulla ferð í undirbúningi sínum fyrir komandi keppnistímabil sem hefst eftir tæpan mánuð. Fjöldi æfingaleikja var háður um helgina og áttu stærstu liðin ekki í neinum vandræðum með að leggja andstæðinga sína af velli, sem margir hverjir voru lið úr neðri deildum landsins.

Arsenal sigraði Barnet á útivelli 1-4, þar sem Hvít-Rússinn Alexander Hleb spilaði mjög vel og opnaði markareikning sinn fyrir Arsenal strax á annarri mínútu leiksins. Nýi fyrirliðinn Thierry Henry bætti öðru marki við fyrir hálfleik en í þeim síðari skorðu Dennis Bergkamp og Justin Hoyte sitt markið hvor.

Man. Utd átti ekki í neinum vandræðum með lið Clyde og

vann öruggan 5-1 sigur á útivelli. Það sem mesta athygli vakti í leiknum var óánægja stuðningsmanna Man. Utd í garð Rio Ferdinand, sem enn á eftir að skrifa undir nýjan samning við félagið. Þeir kölluðu Ferdinand „gráðugan“ í hvert sinn sem hann fékk boltann og fylgdu þeim köllum síðan eftir með bauli. Mörk Man. Utd í leiknum skorðu Kleberson, Paul Scholes og Liam Miller og þá skoraði Ruud van Nistelrooy tvö.

Liverpool vann öruggan sigur á Bayer Leverkusen í Þýskandi, 3-0, þar sem franskur framherjinn Djibril Cisse gerði sterkt tilkall til byrjunarliðsætis í vetur með tveimur mörkum. Milan Baros skoraði þriðja mark Liverpool eftir að hafa komið inn á sem varamaður. Þá gerði Tottenham



ALEXANDER HLEB Opnaði markareikning sinn fyrir Arsenal um helgina. FRÉTTABLAÐIÐ/GETTYIMAGES

2-2 jafntefli við Boca Juniors í S-Kóreu þar sem Jermain Defoe og Mido skorðu fyrir þá hvít-klaeddu. - víg

Didier Droghba er ekki ánægður með Jose Mourinho:

Ég þarf að verjast eins og brjálæðingur

FÓTBOLTI Didier Droghba, framherjinn öflugur hjá Chelsea, er ekki ánægður með það leikskipulag sem Jose Mourinho notast við með liðið og kveðst þurfa að sinna alltof mikilli varnarskyldu. „Við skulum bíða og sjá hvort einhver annar framherji mun verjast eins og brjálæðingur, líkt og ég gerði á öllu síðasta tímabili,“ segir Droghba.

„Ég fórnaði sjálfum mér fyrir

liðið og auðvitað bitnaði það á markaskorun minni. Í staðinn fékk stjarna Frank Lampard og Joe Cole að skína sem skærast,“ bætti Droghba við í samtali við breska fjölmiðla um helgina, en hann skoraði aðeins 10 mörk í deildinni á síðustu leiktíð, sem er 15 mörkum minna en markahæsti leikmaður deildarinnar skoraði.

„Ég mun hugsa meira um að skora í vetur og reyna að vera

ekki svona langt fyrir aftan Thierre Henry á lista markahæstu manna. Þá ætla ég líka að reyna að hlaupa minna á eftir boltanum en ég hef verið að gera. Mér fannst leikstíll liðsins í fyrra mjög undarlegur, sérstaklega síðari hluta tímabilsins. Það eina sem við gerðum var að senda langar sendingar fram völlinn á mig, en ég vill einmitt frekar fá boltann í fæturna,“ segir Droghba. - víg

ÚR SPORTINU

Svo virðist sem **Ashley Cole** og Sforráðamenn Arsenal hafi náð sáttum í samningadeilunni sem staðið hefur yfir í margar vikur en umboðsmaður Cole hefur greint frá því að samningur liggi fyrir og bíði undirskriftar. Talið er að nýi samningurinn muni veita **Cole** 70 þúsund pund á viku sem er mun minna en það sem **Cole** var sagður heimta á sínum tíma. Skemmst er að minnast orða hans fyrir tveimur mánuðum þar sem hann sagðist ekki geta hugsað sér að vera áfram hjá **Arsenal** á næstu leiktíð þótt félagið byði honum 200 þúsund pund á viku.



Grétar Rafn Steinsson og félagar **Young Boys** frá Sviss töpuðu á heimavelli, 2-3, fyrir franska liðinu **Marseille** í Inter-Toto keppinni á laugardaginn. Þetta var fyrri leikur liðanna í þriðju umferð keppinnar. Grétar Rafn spilaði allan leikinn í hægri bakverðinum.



Sóknarmaðurinn **Andy Cole** mun sáð öllum líkindum ganga frá félagsskiptum frá Fulham til **Manchester City** í dag en ekki er langt síðan **Cole** var bolað í burtu frá **Fulham** til að búa til pláss fyrir **Heiðar Helguson**. Stuart Pearce, knattspyrnustjóri City, er mikill aðdáandi Cole og telur hann enn eiga a.m.k. eitt gott ár eftir í boltanum.

Franski sóknarmaðurinn **Nicholas Anelka** segir ekkert hæft í þeim sögusögnum að hann sé á leið til **Newcastle**. **Graeme Souness** sagði frá því á laugardag að **Anelka** vildi ólmur snúa aftur í ensku deildina og spila þá með **Newcastle**, en í gær sagði Anelka að Souness færi með fleipur. „Ég hef ekki fengið nein tilboð og ég ætla að segja það einu sinni enn, þrátt fyrir að ég hafi sagt það oft áður, að hér er ég mjög ánægður,“ sagði **Anelka**, en hann er á mála hjá **Fenerbache** í Tyrklandi.



Jose Mourinho, knattspyrnustjóri **Chelsea**, kveðst geta náð því allra besta út úr Argentínunum **Hernan Crespo** á komandi leiktíð, en **Crespo** fann sig engan veginn á sínu fyrsta tímabili í Englandi fyrir tveimur árum.



Crespo sýndi hins vegar allar sínar bestu hliðar í láni hjá **AC Milan** á síðustu leiktíð og undi sér vel með eigin konu og barni, en þau áttu mjög erfitt með að aðlagast lífinu í Englandi. Nú er **Crespo** kominn aftur til **Chelsea** og í þetta sinn án fjölskyldu sinnar.

Mourinho segir að **Crespo** sé búinn að gera upp hug sinn. „Hann er búinn að sannfæra sjálfan sig um að **Chelsea** sé áskorun fyrir sig. Hann verður án fjölskyldu sinnar næsta árið sem er gríðarlega erfitt en **Crespo** ætlar að leggja sig allan fram. Hann hefur verið frábær alls staðar þar sem hann hefur spilað, nema í Englandi. Nú er komið að því að hann sýni hvað hann getur í ensku deildinni,“ segir **Mourinho**. „**Chelsea** mun fá meira út úr **Crespo** í ár þar sem hann er að leika undir minni stjórn. Svo er HM næsta sumar og **Crespo** mun gera allt til að komast í argentínska hópinn fyrir þá keppni,“ segir **Mourinho**.

Arsenal er að ganga frá samningi við efnilegasta knattspyrnumann Kamerún, **Alexandre Song**, frá franska liðinu Bastia. Hinn 17 ára gamli Song spilar sem varnarsinnaður miðjumaður og þykir svipa mjög til Patrick Vieira. Song stóð til boða að ganga til liðs við Middlesbrough þegar hann var 13 ára en neitaði og allt síðan þá hefur hann verið undir smásjóni hjá **Man. Utd**, **Inter Milan**, **Lyon** og auðvitað **Arsenal**, sem nú virðist vera búð að klófesta pilt. Þess má geta að Song þessi er náfrænda **Rigobert Song**, sem eitt sinn var til mála hjá Liverpool.

HVAÐ? HVENÆR? HVAR?

JÚLÍ
15 16 17 18 19 20 21
Mánudagur

LEIKIR

19.15 Keflavík og ÍBV mætast á Keflavíkurvelli í Landsbankadeild karla.

SJÓNVARP

- 18.35 Gillette sportpakinn á Sýn.
- 19.05 Landsbankamörkin á Sýn.
- 19.35 Landsbankadeildin - 11.umferð á Sýn.
- 22.10 Landsbankamörkin á Sýn.
- 22.30 Bestu bikarmörkin á Sýn.
- 23.45 Álfukeppnin á Sýn.

Golf um helgina:

Auðunn stal sigrinum í GK

GOLF Meistaramót flestra golfklúbba landsins fóru fram um helgina og voru flest úrslit eftir bókinni. Ragnhildur Sigurðardóttir og Ólafur Már Sigurðsson unnu mót GR nokkuð örugglega og hið sama má segja um Heiðar Davíð Bragason og Nínu Björk Geirsdóttur í Kili í Mosfellsbæ. Heiðar Davíð setti vallarmet á þriðja keppnisdegi er hann lék á 68 höggum.

Í golfklúbbum Kili í Hafnarfirði var talsverð spennu bæði hjá körlum og konum en Auðunn Einarsson fagnaði sigri eftir að hafa náð forystunni af Sigþóri Jónssyni á síðasta hringnum.

Birgir Leifur Hafþórsson varð í 40. sæti á opna Texbond mótinu sem fór fram við Gardavatnið á Ítalíu um helgina en hann lék á samtals fimm höggum undir pari.

-esá

Shaun Wright-Phillips á leiðinni til Chelsea

Enski landsliðsmaðurinn Shaun Wright-Phillips mun ganga til liðs við Chelsea frá Manchester City á næstu dögum, en hann á aðeins eftir að skrifa undir samning við ensku meistarana.

FÓTBOLTI Enski landsliðsmaðurinn Shaun Wright-Phillips er genginn til liðs við Chelsea frá Manchester City fyrir liðlega tvö þúsund og fjögurhundruð milljónir íslenskra króna, eða tuttugu og eina milljón punda.

Wright-Phillips kom til Manchester City frá Nottingham Forest árið 1998, og hefur síðan verið lykilmáður í aðalliði félagsins. Stuart Pearce, knattspyrnu- stjóri Manchester City, var ekki ánægður með brottför Wright-Phillips frá félaginu, en sagði hann jafnframt eiga glæsta framtíð fyrir sér hjá Chelsea. „Það olli mér vonbrigðum að hann skyldi vilja fara, en ég er ekkert reiður við hann út af því. Hann hefur æft vel hjá félaginu og er kominn í fremstu röð þess vegna. Ég bjóst alveg eins við því að hann myndi fara, en lifði þó í voninni um að hann yrði áfram hjá Manchester City. Wright-Phillips á eftir að verða einn af lyk-



SHAUN WRIGHT-PHILLIPS Sést hér gefa aðeindum sínum eiginhandaráritun eftir æfingaleik gegn Tranmere í síðustu viku. NORDIC PHOTOS/GETTY

ilmönnum Chelsea innan fárra ára og á eftir að sanna sig sem einn af bestu leikmönnum ensku úrvalsdeildarinnar.“

Margir góðir miðjumenn eru hjá Chelsea. Sérstaklega hefur

verið samkeppni um stöðurnar hægra og vinstra megin, þar sem Arjen Robben, Damien Duff, Joe Cole og Eiður Smári hafa allir leikið í þessum stöðum. Þrátt fyrir allar þessar stjórstjörnur er Pearce viss um að Wright-Phillips muni vinna sér inn sæti í liðinu. „Það verður ekki hægt að líta framhjá hæfileikum hans þegar þjálfararnir sjá hvað hann hefur upp á að bjóða. Það eru fáir leikmenn í ensku knattspyrnunni sem eru jafn magnaðir hægri kantmenn og hann. Hann hefur mikinn hraða, tækni og er góður skotmaður. Hans besti kostur er þó sá að hann leggur sig allan fram á æfingum og í leikjum og er því fyrirmyndaratvinnumaður, og draumaleikmaður allra þjálfara.“

magnush@frettabladid.is



ALEX FERGUSON Er alveg sammála kollega sínum hjá Chelsea um afar hentuga leiki Arsenal eftir Evrópukeppni.

Alex Ferguson, stjóri Man. Utd. Mourinho hefur rétt fyrir sér

FÓTBOLTI Alex Ferguson, knattspyrnustjóri Man. Utd, segir að Jose Mourinho hafi hárrétt fyrir sér varðandi mismunum í upprö- un leikja í ensku úrvalsdeildinni.

Mourinho gagnrýndi enska knattspyrnusambandið kröftuglega fyrir helgi og sagði Arsenal njóta sérstakrar meðferðar þegar kæmi að leikdögum í Englandi eftir að leikið hefur verið í Meistaradeild Evrópu. „Á næstu leiktö eignum við útileik í Englandi eftir fyrstu fimm leiki okkar í Meistaradeildinni. Arsenal fær alltaf heimaleik. Þetta er staðreynd en enginn segir neitt,“ sagði Mourinho og stimplaði David Dein, vara- stjórnarformann Arsenal, sem blóraböggullinn, en hann situr einnig í stjórn enska knattspyrnu- sambandsins.

Aðspurður um málið um helgina sagði Ferguson að Mourinho væri í fullum rétti til að gera athugasemdir. „Þetta er alveg rétt hjá honum. Ef horft er á leiki Arsenal eftir Evrópukeppni sést að félagið er sér á báti. Svona hefur þetta verið í mörg ár,“ sagði Ferguson.

„Það tók Mourinho aðeins eitt ár að sjá þetta. Ég er búinn að vera að kvarta undan þessu í sjö ár en aldrei er hlustað á mig. Kannski hlustað verði frekar á Mourinho,“ bætti hann við.

Chelsea vann á sjálfsmarki

FÓTBOLTI Chelsea fór til heimalands Jose Mourinho í gærkvöldi og lék við heimamenn í Benfica sem eru nú Portúgalsmeistarar. Leikmenn Chelsea voru ekki á skotskónum en það var sjálfs- mark portúgalska liðsins sem skildu liðin að. Carlton Cole lék í fremstu víglínu hjá Englandsmesturinum og var í boltanum

er markið kom. Eiður Smári Guðjohnsen kom inn á í síðari hálfleik og átti finan leik en Mourinho leyfði mörgum leikmönnum að spila í gær eins og tíðkast í æfingaleikjum sem þessum. Leikurinn markaði endurkomu Hernan Crespo til Chelsea en hann tók stöðu Cole í síðari hálfleik.

RUGL VERÐ

ÚTSÖLULOK

75%

-afsláttur af upprunalegu verði

síðasta vika útsölnunnar

SÍÐASTI SÉNSINN

<ul style="list-style-type: none"> STRIGASKÓR 990 STUTTERMA-BOLIR 500 TOPPAR 500 SANDALAR 500 GALLABUXUR 1.990 HETTUPEYSUR 1.990 SOKKABUXUR 390 DRAGTIR 5.990 SKYRTUR 750 BINDI 990 	
---	--

- DIESEL
- LEVI'S
- SAINT TROPEZ
- VAGABOND
- PONY
- KOOKAI
- MISS SIXTY
- LAURA AIME
- SKECHERS
- GAS
- FIRETRAP
- LACOSTE
- BLEND
- ADIDAS
- G-SUS
- PUMA
- 4-YOU
- CONVERSE
- MAO

- GALLABUXUR
- SKÓR
- STÍGVÉL
- TÖSKUR
- BOLIR
- PEYSUR
- KJÓLAR
- TOPPAR
- PILS
- SKYRTUR
- JAKKAR
- JAKKAFÓT
- STAKAR BUXUR
- HLÝRABOLIR
- SOKKABUXUR
- ÚLPUR
- FLÍSPEYSUR

galleri sautjan - smash - retro - gs skór - sautján jeans - deres - focus - eva - centrum - kultur - companys

merki fyrir minna

OUTLET 10

opið virka daga 11-18 laugardaga 11-16

s. 533 1710
www.ntc.is

FAXAFENI 10

LÚXUSNÆTUR Í REYKJAVÍK

LÁTTU DEKRA VIÐ ÞIG Á FLOTTUSTU HÓTELUNUM

KEMUR ÚT ALLA FÖSTUDAGA
VERÐ KR. 300
FÆST Á ÖLLUM HELSTU
BLAÐSÖLUSTÖÐUM LANDSINS

LESTU MEIRA Í SIRKUS RVK.
NÝTT TÍMARIT. NÝR TÓN. **SIRKUS** RVK

STUÐ MILLI STRÍÐA : Naumhyggjufemínismi

ODDI ÁSTRÁÐSSYNI ER ALVEG SAMA UM SNOOP DOGG



